

1936-1996

Heilbrigðisþjónusta  
í 60 ár

Bók þessi er gefin út í tilefni 60 ára afmælis

St.Franciskusspítalans í Stykkishólmi.

Efni bókarinnar hefur tekið saman Ægir Breiðfjörð Jóhannsson.

Ljósmyndir eru fengnar úr safni St.Franciskussystra

í Stykkishólmi, úr safni Jóhanna Rafnssonar og  
einnig eru í bókinni myndir teknar af Æ.B.J.

© St.Franciskusspítalinn í Stykkishólmi.

Prentsmiðjan Oddi hf. 1996.

Printed in Iceland.

ISBN 9979-60-245-7

# Sturla Böðvarsson alþingismaður ST.FRANCISKUSSPÍTALINN 60 ÁRA

**S**extíu ára saga St.Franciskussysla í Stykkishólmi er einstakur þáttur í byggðasögu Snæfellinga og sögu heilbrigðis- og mannúðarmála á Íslandi.

Þegar þess er minnst að liðin eru 60 ár frá því St.Franciskuspítalinn hóf starfsemi í Stykkishólmi er fróðlegt að rifja upp aðdraganda þess að hér reis spítali.

Það framtak allt hefur leitt til þess að í dag er heilbrigðispjónusta með þeim myndarlega hætti sem við blasir öllum sem kynnast rekstri spítálans, heilsugæslu og allri starfsemi systranna.

Ég vil rekja hér í stuttu máli forsögu þess að í Stykkishólmi varð miðstöð heilbrigðispjónustu í heraðinu með samstarfi St.Franciskussystranna við heimamenn. Einnig fara nokkrum orðum um stækkun spítálans en undirbúningur þess stóð um nokkra hríð.

Frostaveturinn mikla 1918 komu félagar úr Lúðrafélagi Stykkishólms saman og ákváðu að gangast fyrir skemmtun til ágóða fyrir „sjúkrahús-sjóð í Stykkishólmi“. Í framhaldi af stofnun sjóðsins var stofnað félag, Sjúkrahúsfélag Stykkishólms, og var tilgangur þess samkvæmt lögum félagsins að stofna sjóð til þess að byggja sjúkrahús í Stykkishólmi. Þegar St.Franciskusreglan tók að sér að reisa og reka hér sjúkrahús fyrir hvatningu og atbeina heimamanna og velunnara Snæfellinga var sjóður félagsins lagður á móti framlögum reglunnar til byggingar sjúkrahússins ásamt með öðrum stuðningi Stykkishólmshrepps. Af hálfu heimamanna voru fremstir í flokki sýslumaður Snæfellinga, Páll V. Bjarnason,

*St.Franciskussysturnar í Stykkishólmi og Hafnarfirði ásamt Francisku Colin og föður Raynier Harzée, St.Franciskusmunki, sem var með fræðslu á bænaviku árið 1995.*





St.Franciskusspítalinn í ágúst 1996.

og Oskar Clausen sem var vel kunnugur á Snæfellsnesi og mikill Hólmari. Nutu þeir fulltingis Marteins Meulenbergss biskups kaþólskra. Framlag þessara frumkvöðla er á allan hátt merkilegt og þess vegna er ástæða til þess að rifja upp aðdragandann á þeim tímamótum sem hér er minnst og undirstrika merkan áfanga í heilbrigðisþjónustu í Stykkishólmi og á Snæfellsnesi.

Þáttur systrareglunnar er einstakur að öllu leyti. Það er einstakt framtak að senda hingað til starfa hóp kaþólskara nunna í nafni reglunnar og byggja svo myndarlegan spítala í fámennri byggð. En tíminn leið og íbúum fjölgædi. Kröfur um endurbætur á húsakosti spítalans og tækjum komu eðlilega upp samhliða breyttri löggjöf um heilbrigðisþjónustu. Löggjöfin gerði ráð fyrir meiri þjónustu í héruðum landsins og kröfur um meira öryggi í heilbrigðisþjónustu fóru vaxandi.

Í ljósi þeirra breytinga tók St.Franciskusreglann ákvörðun um endurbyggingu og stækku spítalans.

Fyrir okkur, sem höfum búið á Snæfellsnesi, þarf ekki að lýsa fram lagi St.Franciskussystra til heilbrigðis- og mannúðarmála í heraðinu. Það kom því ekki á óvart þegar systurnar tilkynntu að þær hygðust stækka sjúkrahúsið og byggja það upp samkvæmt kröfum tímans og auka þannig þjónustu sína við íbúa Snæfellsness og nærliggjandi byggða.

Það var árið 1974 sem fulltrúar heilbrigðisstjórnarinnar í landinu hófu að ræða við systurnar um byggingu heilsugæslustöðvar í tengslum við sjúkrahúsið. Var það í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu sem sett voru 1973. Samkvæmt þeim lögum á að vera í Stykkishólmi

svokölluð H-2 heilsugæslustöð er þjóni íbúum í Skógarstrandarhreppi, Miklaholtshreppi, Eyrarsveit, Helgafelssveit og Stykkishólmi, auk þess sem Flateyjarhreppur hefur notið þjónustu frá heilsugæslustöðinni í Stykkishólmi.

Árið 1975 fóru fram viðræður og var unnið ötullega að samningum og undirbúningi að stækkan sjúkrahússins. Hafði heilbrigðisráðuneytið fallist á að heilsugæslustöð yrði byggð í tengslum við sjúkrahúsið. Með því mætti ná fram meiri hagkvæmni í byggingu og rekstri beggja stofnananna. Af hálfu systranna og sveitarfélaganna unnu að samningum Haraldur Hannesson, hagfræðingur og umsjónarmaður mynt- og bókasafns hjá Seðlabankanum, og Sturla Böðvarsson, sveitarstjóri í Stykkishólmi. Báðir sátu í stjórn spítalans. Var haft náið samráð við oddvita sveitarfélaganna, sýslunefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og þingmenn kjördæmisins.


Í ársbyrjun 1976 skilaði Jes Einar Þorsteinsson arkitekt frumáætlun um endurbætur og stækkan St. Fransickusspítalans og heilsugæslustöð sem hann vann í samvinnu við fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins, stjórn spítalans og þá lækna sem störfuðu við spítalann. Oddvitar sveitarfélaga heilsugæslusvæðisins komu saman til fundar 22. júlí 1976 og fjölluðu um áætlanir vegna fyrirhugaðrar stækkanar spítalans og byggingar heilsugæslustöðvar. Á þeim fundi voru fulltrúar Skógarstrandarhrepps, Miklaholtshrepps, Helgafellssveitar, Eyrarsveitar og Stykkishólmss. Var samþykkt að sveitarfélögin stæðu saman að byggingu við sjúkrahúsið með St. Franciskusreglunni og íslenska ríkinu. Á þeim tíma var jafnframt unnið að því að fá annan heilsugæslulækni til starfa svo og að fá staðsettan lækni í Grundarfirði með nauðsynlegri aðstöðu.

Áfram var unnið að byggingarmálum spítalans og sumarið 1977 voru samþykktar teikningar af húsinu. Þá um vorið setti systir Anna niður kartöflur með hálfum huga því systurnar höfðu ætlað sér að hefja framkvæmdir þá um sumarið. Rétt er að geta þess að byggingin skerti matjurtagarð systranna en garðræktin er gott dæmi um vinnusemi og sparsemi þeirra.

En tíminn leið og margir fundir voru haldnir og ekki færri en sex ráðherrar heimsóttir vegna þessa máls áður en það komst í höfn og framkvæmdir voru ákveðnar. Margir embættismenn ráðuneyta komu að undirbúningi málsins og var þar fremstur í flokki ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytis, Páll Sigurðsson, ásamt Ingimar Sigurðsni lögræðingi, Erni Bjarnasyni lækni, Ólafi Ólafssyni landlækni og úr fjármálaráðuneyti komu að málínu þeir Brynjólfur Sigurðsson hagsýslustjóri og Skúli Guðmundsson forstöðumaður Framkvæmdasýslunnar. Öllum samstarfsmönnum þessa tímabils ber að þakka. Uppbygging heilbrigðisþjónustunnar var og er mikilvægur hlekkur í því að bæta búsetuskilyrðin á svæðinu.

Eins og fyrr sagði voru teikningar af húsinu samþykktar 1977. Samningur um bygginguna var hins vegar ekki undirritaður fyrr en 22. júlí 1980. Samningur um stækkan sjúkrahússins og byggingu heilsugæslu-

Systir Lena Verbeek tekur við árnaðaróskum sýslubúa úr hendí Jóhannesar Árnasonar sýslumanns á 50 ára starfsafmæli St.Franciskusreglunnar á Íslandi 1985.



Forseti Íslands frú Vigdís Finnbogadóttir veitti systur Len Verbeek, priorinu riddarakross hinnar Íslensku fálkaorðu í tilefni af 50 ára starfi St.Franciskusreglunnar á Íslandi 1985.

stöðvar í Stykkishólmi er milli heilbrigðisráðuneytis og fjármálaráðuneytis, St.Franciskussysystra og Stykkishólmshrepps fyrir hönd sveitarfélaganna er aðild eiga að heilsugæslusvæðinu. Samkvæmt samningnum tilheyra 78,6% byggingarinnar sjúkrahúsinu en 21,4% heilsugæslustöðinni. Eigendur heilsugæslustöðvarinnar eru ríkissjóður að 85% hluta og sveitarfélöginn að 15% hluta. Systrareglan á og kostar byggingu sjúkrahússins, en fær byggingarstyrk frá ríkissjóði sem nemur allt að 60% kostnaðar. Stjórn byggingarframkvæmda er í höndum þriggja manna byggingarnefndar og hafa þeir sömu setið í nefndinni allan byggingartímann.

Í nefndinni sitja príorinnan Renée Lonton skipuð af systrareglunni, Einar Karlsson, formaður Verkalýðsfélags Stykkishólms, skipaður af heilbrigðisráðuneytinu og Sturla Böðvarsson alþingismaður, skipaður af sveitarfélögunum sem aðild eiga að heilsugæslustöðinni. Með byggingarnefndinni hefur Hörður Kristjánsson byggingareftirlitsmaður starfað frá upphafi sem byggingarstjóri, en hann starfar hjá Framkvæmdasýlu ríkisins. Ásgeir Gunnar Jónsson byggingarmeistari hefur frá upphafi verið yfirmaður og talsmaður verktaka byggingarinnar.

Árið 1992 var gerður samningur um endurbætur á eldri hluta spítalans. Er sá samningur milli St.Franciskusreglunnar og heilbrigðisráðuneytisins með aðild sveitarfélaganna á Snæfellsnesi. Samningurinn frá 1980 markaði að mörgu leyti tímamót í samskiptum við ríkið.

Hann var var einstakur að því leyti að byggingarnefndin hafði mjög frjálsar hendur um framvindu framkvæmda og tilhögun þeirra og samninga við verktaka innan þess fjárhagsramma sem settur var hverju

sinni af samningsaðilum. Reglan lagði mikla fjármuni til verksins og langt umfram það sem henni bar til þess að verkið mætti ganga betur. Var fengin sérstök heimild til þess hjá viðkomandi ráðuneytum að taka lán til framkvæmda hjá yfirstjórn St.Franciskusreglunni í Belgíu og Rómaborg. Eru þess trúlega ekki mörg dæmi að fjármuna hafi verið aflað með þeim hætti til framkvæmda hér á landi. Náðist um það gott samstarf milli St.Franciskusreglunnar og ráðuneyta með milligöngu byggingarnefndar.

Samkvæmt forsendum sem notaðar voru við frumáætlun arkitekts eru tæplega 6000 íbúar á starfssvæði sjúkrahússins, en því var ætlað að ná yfir Snæfellsnes- og Hnappadalsýslu, Dalasýslu og hluta af Barðastrandarsýslu. Á þessu svæði nær öllu eru atvinnuhættir þannig að heilsugæsla og sjúkraþjónusta er íbúunum mjög mikilvæg. Samkvæmt samningi var gert ráð fyrir því að sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin væru rekin sem ein stofnun. Var gert ráð fyrir að þar gætu orðið um 60 stöðugildi þegar stofnunin yrði fullbúin.

Í lok ræðu er ég flutti þá er fyrsta skóflustungan var tekin að stækkun spítalans komst ég svo að orði: „Framkvæmdir munu nú hefjast í trausti þess að fjárveitingar fáist á næsta ári svo skynsamlegur áfangi náist í byggingunni. Í Bókinni um veginn segir Lao-Tse að margra mílna ferð byrji á einu skrefi. Í dag er hér stigið mikilvægt skref í heilbrigðismálum. Þó er mér ljóst að fyrir höndum er marga mílna ferð að því marki sem að er stefnt.“

Ferðin reyndist margar mílur og oft torsótt leiðin að fjármunum ríkissjóðs til framkvæmda. Öll árin hefur þurft að berjast harðri baráttu til þess að afla fjármuna og halda verkinu gangandi án þess að rekstur spítalans stöðvaðist vegna þess óhagraðis sem framkvæmdunum fylgdi. Það er mat þeirra sem best þekkja til spítalareksturs að St.Franciskus-spítalinn sé nú vel búinn til þess að sinna þeirri þjónustu sem þar er veitt af lænum, hjúkrunarfólki og öðru starfsfólki sem af elju og dugnæði starfar við lækningar og umönnun sjúkra. Þetta hefur tekist með samstilltu átaki og einstöku framtaki systranna undir forystu príorinnunar, Renée Lonton, sem hefur starfað við spítalann síðan 1952 og leitt þær viðamiklu breytingar sem gerðar hafa verið á rekstri spítalans.

St.Franciskusspítalinn er sjálfseignarstofnun sem rekin er af systrum og núna eina sjúkrastofnunin í landinu sem rekin er af kaþólskri systrareglu. Reynsla Snæfellinga af starfi reglunnar er með þeim hætti að um starf systranna er slegin skjaldborg.

Miklar breytingar hafa orðið í heilbrigðisþjónustu í landinu og umræður um endurskipulagningu stofnana eru háværar. Það skiptir því miklu máli að móta stefnu og skipuleggja reksturinn þannig að sem best falli að þörfum byggðanna og þeirri verkaskiptingu sem eðlilegt er að verði milli sjúkrastofnana á Vesturlandi og raunar í landinu öllu. Þá vinnu þarf að vinna áfram með samstarfi stjórnar, lækna og hjúkrunarfólk sem við spítalann starfar. Það er von míni að á þessum tímamótum megi takst að tryggja starf St.Franciskusspítalans um ókomna tíð.

# ÁGRIP AF SÖGU KLAUSTURSPÍTALA



Hin elstu klaustur munu hafa þróast þannig að einsetumenn fóru að mynda með sér laustengd samfélög. Þeir héldu sig mest út af fyrir sig í hellum eða kofum við bæn og hugleiðslu en höfðu félagskap um öflun viðurværис og einnig hafa þeir vafalítið skipst á skoðunum um guðfræðileg efni.

Hinar elstu skipulögðu klausturreglur tóku að sér umönnun sjúkra og höfðu að fyrirmund ævi Jesú Krists er hann gekk um á meðal manna og læknaði sjúka. „...hann gekk um kring, gjörði gott og græddi alla...“ (Post 10,38). „Og Jesús ... læknaði hverskonar sjúkdóma og hverskonar krankleika meðal lýðsins.“ „Og orðrómurinn um hann barst út um allt Sýrland. Og menn færðu til hans alla sjúka, sem haldnir voru ýmsum sjúkdóum og þjáningum, svo og þá, sem þjáðust af illum öndum, tunglsjúka menn og lama, og hann læknaði þá. Og mikill mannfjöldi fylgdi honum úr Galíleu og Dekapólis og Jerúsalem og Júdeu og handan yfir Jórdan.“ (Matt 4,23-25.)

Líknarstarf hefur ávallt verið einn af meginþáttum hinna kristnu safnaða. Líknarreglur kapólsku kirkjunnar hafa gengið þar einna lengst þar sem meðlimir líknarreglanna taka þarfir meðbræðra sinna fram yfir eigin þarfir, vegna elsku sinnar á Guði. „Nýtt boðorð gef ég yður: Þér skuluð elsku hver annan, á sama hátt og ég hef elskad yður ... af því skulu allir þekkja að þér eruð mínir lærisveinar, ef þér berið elsku hver til annars“. (Jóh 13,34-35.) Samkvæmt gömlum kirkjulögum átti fjórðungur tekna kirkjunnar að renna til góðgerðarstarfsemi og jafnvel mátti selja hin helgustu ker kirkjunnar ef í nauðirnar ræki.

*Systurnar í Stykkishólmi ásamt góðum gestum árið 1960.*

Ekki ber heimildum saman um hverjir hafi stofnað til hinna fyrstu spítala. Ein heimild segir að rómversk kona, Fabiola að nafni, hafi stofnað fyrsta almenningssjúkrahúsið um miðja 4. öld e. Kr., aðrir nefna spítalann í Sebaste í Armeníu og hinn stóra spítala Basils „hins mikla“ í Cæsareu í Cappadokkíu, sem líkt var við heilan bæ. Þar voru „deildir“ er tóku á móti fátækum, sjúkum, holdsveikum, flóttamönum, ekkjum, börnum, gamalmennum og öðrum þeim er þurftu á aðhlynningu að halda.

Á kirkjupingi í Aix árið 816 e. Kr. er kveðið á um að í öllum kirkjulegum samfélögum, bæði hjá prestum og munkum, skuli vera aðstaða fyrir fátæka, sjúka, ekkjur og aðkomumenn.

Klausturreglar sú, er kennd er við st. Benedikt af Núrsíu, sú er kristn-aði stóran hluta norð-vestur Evrópu, sinnti jafnframt sjúkum og munu sjúkrahús nútímans eiga rætur að rekja til þeirrar reglu. Elsta starfandi klaustursjúkrahúsið er hins vegar „Hotel Dieu“ í París en það var stofnað árið 660 e. Kr. af reglu st. Ágústínusar af Hippó. (Klaustrin í Flatey og á Helgafelli eru talin hafa verið af þeirri grein Ágústínusarreglu er kennd er við Victorsklaustur í París.)

Allar miðaldir var þetta fyrrkomulag ríkjandi, heilbrigðis- og „félags“-mál hinna vandalausu voru að mestu í höndum kirkjunnar og klastranna en auðvitað sáu heimilin og greifadæmin eða „hrepparnir“ um sjúklinga, börn og gamalmenni þeim tengd eins og kostur var hverju sinni.

Við siðaskiptin voru klaustur lögð niður í löndum mótmælenda og eignir þeirra lagðar undir konung. Dró við það mjög úr þjónustu við sjúka og vegalausa enda hefur sá útgjaldaliður sjaldan verið einvöldum hugleikinn.

Í frönsku byltingunni 1789 voru klaustur einnig lögð niður og kirkjunnar menn höggnir, ef til þeirra náðist. Í kjölfar byltingarinnar hefur Frakkland löngum verið forvígisland lýðræðisþróunar á Vesturlöndum og verið „fyrirmynnd“ annarra landa í þeim efnunum. Í Frakklandi var alla tíð eftir byltinguna mikil togstreita milli ríkis og kirkju sem endaði með fullum aðskilnaði 9. desember 1905. Félundu þá niður allir styrkir er ríkið hafði veitt trúfélögum til líknarmála og tók franska ríkið algerlega við rekstri sjúkrahúsa þar í landi og erlendis fyrir franska borgara.

# FYRSTU SPÍTALARNIR Á ÍSLANDI

**A** Íslandi fyrri alda voru engin sjúkrahús í nútíma merkingu orðsins en hins vegar nokkrir „spítalar“. Spítalar þessir voru griðastaðir fyrir sjúklinga, öryrkja og annað vegalaust fólk. Þar var engin læknispjónusta í nútíma skilningi, aðeins sú hjúkrun er venjulegt heimili gat látið í té. Þetta var mest á svokölluðum kristbúum, þar sem einn og einn öryrki átti athvarf. Lærðramanna spítali var til í Gaulverjabæ í Flóa 1308 og prestaspítali á Kvíabekk í Ólafsfirði 1338 og fer ekki á milli mála hverjum þeir voru ætlaðir. Um 1638 er kominn til sögunnar Viðeyjarspítali fyrir uppgefna konungslandseta úr Gullbringusýslu og Mosfellssveit.

Á 17. öld var holdsveikraspítöllum komið upp, einum í hverjum landsfjórðungi, á Möðrufelli í Eyjafirði 1653, Hörgslandi á Síðu og Klausturhólum í Grímsnesi 1654 og Hallbjarnareyri í Eyrarsveit 1655.

Bjarni Pálsson, landlæknir í Nesi, hafði „tvö góð herbergi“ þar sem hann hýsti sjúklinga þá er komið höfðu til hans langt að og voru ekki ferðafærir. Einnig kom Bjarni landlæknir upp sóttkví á Bessastöðum til að hefta útbreiðslu sárasóttar sem upp kom í Reykjavík. Einnig ber að geta fæðingahússins sem Schleisner læknir kom á fót í Vestmannaeyjum 1847, til að berjast við ginklofa í ungbörnum þar. Fæðingarstofa þessi var einungis starfrækt í örfá ár.

Fyrsta eiginlega sjúkrahúsið á Íslandi var Sjúkrahús Reykjavíkur, sem rekið var af frjálsum félagasamtökum, Sjúkrahúsfélagi Reykjavíkur, er stofnað var 1863. Starfsemi þess hófst árið 1866 í svonefndum Klúbbhúsum við Aðalstræti í Reykjavík, er Siemsen kaupmaður hafði gefið til starfseminnar. Upp frá því fjölgaði sjúkrahúsum hægt og bítandi og fyrir aldamótin 1900 voru á vegum Íslendinga eftirtalin sjúkrahús: á Akureyri (1873), á Sauðárkróki (1895), á Ísafirði (1897), Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi (1899) og Sjúkrahús Seyðisfjarðar (1900). Eftir aldamótin 1900 fjölgaði sjúkrahúsum og sjúkraskýlum ört. Ekki er ástæða til að telja þau öll upp, en vísað til rits Vilmundar Jónssonar landlæknis um Sjúkrahús og sjúkraskýli á Íslandi (1969).

# SJÚKRAHÚS KAÞÓLSKU KIRKJUNNAR OG FRÖNSKU STJÓRNARINNAR Á ÍSLANDI

**A**rið 1855 var stofnað postullegt umdæmi norðurheimskautsins (Præfectura Apostolica Poli Arctic) og þá hefst norðurheimskautstrúboð kaþólsku kirkjunnar. Rómverskt-kaþólskt starf á Íslandi eftir siðaskiptin hófst í maí 1857 með komu sr. Bernard Bernard og Ólafs Gunnlaugssonar til Fáskrúðsfjarðar. Sr. Bernard kaupir Landakot í Reykjavík 1859 og lætur byggja þar kapellu 1864. Fyrstu St. Jósefssysturnar koma til Íslands 1896 og hefja ári síðar rekstur sjúkraskýla í Reykjavík og á Fáskrúðsfirði. Árið 1902 láta St. Jósefssystur reisa fyrsta „alvöru“-sjúkrahúsið á Íslandi, Landakotsspítala. Hann var endurbyggður 1932-33 og stækkaður 1962-63 en seldur íslenska ríkinu 1977. Annað sjúkrahús létu St. Jósefssystur reisa í Hafnarfirði 1926 og ráku það til 1988 er það var selt íslenska ríkinu. Sjúkraskýlið á Fáskrúðsfirði var lagt niður 1904 með tilkomu Franska spítalans þar.

Árið 1894 voru stofnuð í Frakklandi samtökin „Société des Oeuvres de Mer“ sem höfðu að markmiði stuðning við sjómenn á fjarlægum miðum, bæði hjúkrun og andlegan stuðning við hinar erfiðu aðstæður á fiskimiðunum við Ísland og Nýfundnaland. Þessi samtök gerðu út spítalaskipin St. Pierre, St. Paul (1897-?), St. Frans D'Assis (1901-?), Notre dame de la mer (1910-?), Jean de Arc (1919-1934) og St. Yves (1935-1939).

Báðir ofangreindir aðilar, sjómannasamtökin og kirkjan, voru styrktir af franska ríkinu til 1905, en þá félleu allir styrkir niður eins og áður greinir.

Frönsku ríkisreknu spítalarnir voru þrír, í Reykjavík, á Fáskrúðsfirði og í Vestmannaeyjum.

Spítalinn í Reykjavík var reistur 1902 og rekinn fram að fyrri heimsstyrjöld en var lítið notaður fram til 1918 er spánska veikin kom upp. Þá fékk Reykjavíkurborg spítalann til afnota og rak í samvinnu við Frakka til 1927, en þá var spítalinn lagður niður.

Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði var í fullum rekstri fram að fyrri heimsstyrjöld en síðan aðeins yfir vertíðina til 1928 er hann var lagður niður.

Franski spítalinn í Vestmannaeyjum var starfræktur frá 1906 til 1927.

Afskipti erlendra manna af heilbrigðismálum á Íslandi um síðustu aldamót voru fyrst og fremst í tengslum við skútuítgerð viðkomandi þjóða við Ísland. St. Franciskusspítalinn í Stykkishólmi tengist þeim málum ekki og er stofnað til hans um það leyti er skútuveiðar við Ísland voru að leggjast af.

Spítalinn var reistur og rekinn af systrareglu er kennir sig við heilagan Frans af Assisi, systrareglu er rekur líknarstarfsemi um víða veröld og hefur nú í stórt hundrað ára starfað að þeim málum við góðan orðstír.

# HEILAGUR FRANS FRÁ ASSÍ



**H**eilagur Frans var fæddur í Assisí á Mið-Ítalíu í september 1182. Hann var sonur auðugs kaupmanns og konu hans er faðir hans hafði kynnst á ferðum sínum í Frakklandi.

Frans var framan af ævi gleðimaður mikill og einn „alþekktasti spjátrungur og sækleri bæjarins“. Var hann forustusauður heldrimanna sona í Assisí er eyddu tíma sínum í riddaraleiki og drykkjusvall.

Um tvítugt veiktist Frans alvarlega og sótti á hann mikið þunglyndi, fánýti hinna veraldlegu gæða tók að renna upp fyrir honum og upp frá þessu fór hann að taka sinnaskiptum, í fyrstu hikandi en síðan með slíkum krafti að talið er að hann hafi komist næst því af síðari tíma mönnum að feta beinlínis í fótspor hinna fyrstu lærisveina Krists. Átti hann á þessum tíma í miklum útistöðum við föður sinn er tók þessum sinnaskiptum illa og gerði Frans að lokum arflausan. „Samkvæmt gamalli arfsögn mun það hafa verið 15. apríl 1207 sem Frans fór bókstaflega eftir boði fagnaðarerindsins. Hann yfиргaf allt, tók á sig krossinn og fylgdi Jesú“.

Tók hann nú til við að endurreisa kirkjur þær í nágrenninu er að falli voru komnar, fyrst einn en fljótlega fór að flykkjast um hann fólk er hreifst af boðskap hans.

*St. Franciskusspítalinn í Stykkishólmi. Við aðaliningang spítalans er mosaikmynd af heilögum Frans með fuglunum, eftir Sjöfn Haraldsdóttur, myndlistamann.*

Frans þáði pré dikunarleyfi af Innocentiusi 3., páfa, í apríl 1211 og nefndi fylgjendur sína „Ordo fratrum minorum“ eða reglu hinna minnstu bræðra, en þar sem Lanteran-samþykktin frá 1215 bannaði stofnun nýrra klausturreglna taldist Clarissureglan (kennnd við St. Klöru af Assisí, sem var einn dyggasti fylgjandi Frans), til Benediktusarreglu, framan af.

Tók nú við mikið trúboðstímabil og fóru bræðurnir meðal annars til Frakklands, Þýskalands, Ungverjalands, Túnis, Grikklands, Aragóníu, Kastillíu og Portúgals. Sjálfur tók Frans þátt í krossferð til Egyptalands og Landsins helga 1219.

Boðskapur heilags Frans frá Assisí var sá, að „lifa samkvæmt fagnað-arerindinu í fátækt, vinnu og bæn,“ og létt hann sig ekki muna um að prédika orðið í herbúðum Serkja og frammi fyrir soldáninum í Egyptalandi, þó að ekki hafi hann haft erindi sem erfiði í þeim heimsóknum.

Um 1225 var Frans orðinn heilsuveill og blindur á stundum vegna augnsjúkdóms er hann veiktist af í krossferðinni, en þó orti hann á þessum tíma frægasta ljóð sitt, „Sólarsönginn“.

Á þessum tíma urðu einnig mikil jarteikn og kraftaverk hvar sem hann fór, hann fékk á sig krossfestingartákn og sjúkir urðu heilir.

Frans lést að kvöldi 1. október 1226 og var tekinn í tölu heilagra tveimur árum síðar. Messudagur hans er 4. október.

## ST.FRANCISKUSSYSTUR



**S**t.Franciskussystur eiga rætur sínar að rekja til konu að nafni Helena de Chappotin, en hún var fædd í Nantes í Frakklandi 21. maí 1839.

Í desember 1860 gekk hún í Klarissuklaustur í heimaborg sinni, og þar tók hún sér, eftir mikla trúarreynslu, nafnið „systir María af þjánungunni“.

Eftir skamma dvöl í Klarissuklastrinu veiktist systir María alvarlega og varð að snúa heim í bili, en eftir að hún hafði náð sér aftur gekk hún í „Marie Réparatrice“-regluna (regla er starfar í anda Jesúíta), og var hún send á vegum reglunnar til Indlands 1865. Ávann hún sér þar mikla virðingu og var henni falin stjórn klausturs hins heilaga hjarta og auk þess var hún umdæmisstjóri (Provincial) þriggja systrahúsa í Madura.

Systir María dvaldi á Indlandi til 1876, en fór þá til Rómar og fékk leyfi páfa til stofnunar nýrrar reglu, „Trúboðar Maríu“, og var stofnun þeirrar reglu staðfest 6. janúar 1877.

Fyrsta systrahúsið var opnað í St. Brieuc í Frakklandi í apríl 1877. Næsta systrahús var stofnað í Coimbatur á Indlandi 1879 og það þriðja í Chatelets í Frakklandi 1880.

Nokkur ágreiningur var framan af um hvort reglan mætti kenna sig við Heilagan Frans af Assísí og fékkst ekki lokastaðfesting á því fyrr en á allsherjarfundi Franciskusarreglanna í júlí 1884. (Reglan hafði þó kennt sig við hl. Frans frá árinu 1882).

Á næstu tíu árum voru opnuð þrettán systrahús; í Marseille og Karþago 1885, Ceylon, Kína og París 1886, á Englandi 1887, í Mylapor á Indlandi 1888, í Belgíu og Kína 1891, í Kanada og við Rómarborg 1982,

*Systurnar í Stykkishólmi ásamt forseta Íslands frú Vigdísí Finnboagadóttur og Francisku Colin árið 1995.*

í Portúgal 1895 og í Mósambík 1896. Árið 1896 gaf kirkjan út lokasamþykkt sína á lögum reglunnar.

Árið 1897 var opnaður holdsveikraspítali í Burma og á næstu sjö árum voru opnuð systrahús í átta löndum til viðbótar.


Aldamótin voru reglunni erfiður tími. Sjö systur voru líflátnar í „boxara“-uppreisninni í Kína árið 1900 og systurnar voru reknar úr Portúgal 1901.

Systir María af þjáningunni lést í San Remó á Ítalíu 15. nóvember 1904.

Hinn síðari ár hefur reglan eflst mest í Afríku og Suður-Ameríku. Reglusystur eru nú rúm átta þúsund en hafa mest orðið yfir tíu þúsund.

St.Franciskussysturnar á Íslandi heyra undir yfirpríorinnuna í Brussel. Systurnar hafa flestar komið frá Belgíu og Hollandi, þótt það sé alls ekki algilt. Hér eru nú til dæmis systur frá Austurríki, Spáni, Kanada og Póllandi.

# SÖGUBROT AF HEILBRIGÐISMÁLUM Í STYKKISHÓLMI FRÁ 1760-1936



Fyrsti læknirinn, sem hægt er að tala um að hafi þjónað Stykkishólmi, var Bjarni Pálsson landlæknir. Hann var settur í embætti þann 18. mars 1760 og hafði allt Ísland á sinni könnu. Bjarni beitti sér mjög fyrir úrbótum í ýmsum málum er undir hann heyrðu og fékk því komið til leiðar að á Íslandi var sett á stofn lyfjabúð og embætti fjórðungslækna. Ennfremur fékk hann senda lærða ljósmóður hingað til lands frá Danmörku.


Dæmi er um að Bjarni hafi verið sóttur til læknistarfa í Stykkishólmi en það var árið 1763 þegar Nicolai Hofgaard undirkauptmaður tók sótt eftir „hana-átíð“ fræga og lést „her ud i Island“ eins og lesa má á hinum fagra minningarskildi um hann í Helgafellskirkju.

Fyrsti fjórðungslæknirinn var Hallgrímur Bachmann. Hann komst ungar maður í riddaralífvörð konungs en lærði síðan læknisfræði hjá Bjarna Pálssyni og var skipaður læknir í „Vestfirðingafjórðungslæknishéraði“ 26. júní 1767. Gegndi hann þeim starfa til 1802 og sat síðustu árin í Bjarnarhöfn í Helgafellssveit.

Næsti fjórðungslæknir var Ólafur Brynjólfsson. Hann var tengdasonur Hallgríms í Bjarnarhöfn. Ólafur tók við embættinu 1. október 1802 en flutti sig síðan austur á land og tók þar við embætti 3. apríl 1807.

Frá 4. desember 1807 var Oddur Hjaltalín læknir í suðurhluta vesturamts en var þó fjarri góðu gamni framan af. Oddur hafði verið læknir í danska hernum og sat fastur í Danmörku vegna „Norðurálfu-ófriðarins“, til 1810. Oddur Hjaltalín bjó í Stykkishólmi þar til hann var skip-

Stykkishólmur 1932.



Guðmundur Guðmundsson, héraðslæknir, í Stykkishólmi 1901–1927.



Ólafur Ólafsson héraðslæknir í Stykkishólmi á árunum 1927–1948, fyrsti læknirinn við St. Franciskusspítalann í Stykkishólmi eftir að spítalinn tók til starfa 1936.

aður landlæknir 3. ágúst 1816. Gegndi hann því embætti til 1820. Flutti hann þá suður að Nesi við Seltjörn en danskur læknir, Clausen að nafni, sat fyrir hann í Stykkishólmi á meðan. Síðar sat Oddur í Bjarnarhöfn uns hann létt af embætti 21. sept. 1839.

Bjarni Thorarensen amtmaður á Stapa var á þessum árum að vinna að því að koma öllum embættismönnum á svæðinu fyrir á einum stað og hafði Stykkishólmur orðið fyrir valinu í áætlunum hans. Eftir miðja 19. öld eru komnir í Hólminn, amtmaður, sýslumaður, læknir, lyfsali og prestur.

Í manntali 2. nóvember 1840 er í húsmennsku í Norskahúsi Georg Victor Koefoed „distriktslæknir“ og hafði hann sér til fulltingis apótekarann í hinu nýstofnaða „Stykkishólmsapoteki“, Börge Jacobsen. Koefoed sat í Stykkishólmi til 1845.

Næstur sat í Stykkishólmi Edvard Lind læknir, frá 1845-1864. Benedikt Gröndal sér ástæðu til þess í „Dægradvöl“ að lýsa Lind læknin sem mjög drykkfelldum, en þó er víst að hann var óbanginn við erfðar læknisvitjanir og til marks um það segir Hermann Jónsson í Flatey þannig frá fæðingu sinni að hann hafi verið „tekinn með töngum“ og það hafi gert Lind læknir úr Stykkishólmi.

Eftir að Lind féll frá var Þorleifur Porleifsson í Bjarnarhöfn fenginn til að sinna læknishéraðinu. Var hann landsþekktur fyrir skyggnigáfu sína og lækningar. Jón Hjaltalín landlæknir mun hafa prófað Þorleif áður en hann fékk honum embættið og taldi hann fullfæraran. Fólk kom víða að til lækninga hjá Þorleifi og heppnaðist honum vel. Sagt er að Bólu-Hjálmar hafi fengið bót á þunglyndi sínu eftir meðhöndlun hjá Þorleifi. Þorleifur mun hafa lært eitthvað til læknisfræði af dönskum bókum en latínumaður var hann ekki og því þóttu lyfseðlar hans æði sérstakir. Hann skrifaði til dæmis uppá „Guðrúnardropa“, „Jónsplástar“, „Sigríðarsalva“ og „Jónasarmixtúru“. Ekki munu aðrir hafa verið færir um að lesa úr þessum „receptum“ en apótekarinn í Stykkishólmi.

Frá 1866 var Hjörtur Jónsson læknir í Stykkishólmi. Hann var bróðir Árna Jónssonar á Ísafirði og þeirra bræðra. Hjörtur bjó alla tíð í Stykkishólmi en fór þó utan og var á spítólum í Kaupmannahöfn 1878-9. Hann lést 16. apríl 1894.

Arið 1894 sat Tómas Helgason læknir í Stykkishólmi í stuttan tíma.

Frá 1894-1901, sat í Hólminum Davíð Scheving Thorsteinsson. Hann létt byggja „læknishúsið“ á Steinólfshól árið 1896, þar sem nú er skrifstofa sýslumanns.

Guðmundur Guðmundsson læknir tók við héraðinu 1901. Guðmundur var fyrsti eiginlegi „skurðlæknirinn“ í Stykkishólmi og létt sér fátt fyrir brjósti brenna í þeim efnum. Guðmundur sat í Hólminum í 26 ár eða til 1927.

Síðasti læknir fyrir tíma sjúkrahússins var Ólafur Ólafsson og varð hann einnig sjúkrahúslæknir er það tók til starfa 18. september 1936.

# AÐSTOÐARFÓLK, HÚSNÆÐI OG VINNUUMHVERFI



**H**elstu stuðningsaðilar læknisins framan af voru lyfsalinn og ljósmóðirin. Apótek var stofnsett í Stykkishólmi 1838 og hefur starfað allar götur síðan. Það hefur verið ómetanleg stoð fyrir lækninn, að hafa mann er kunni skil á lyfjum og sjúkdómum við hendina. Alþýðan gerði ekki mikinn greinarmun á lækninum og apótekaranum og sneri fólk sér oft beint til apótekarans og fékk hjá honum lyf án milligöngu læknis. Þetta mun hafa viðgengist lengi athugasemda laust. Það var ekki fyrr en í tíð Davíðs Sch. Thorsteinssonar að læknir kvartaði opinberlega yfir þessu.

Framan af höfðu apótekararnir í Stykkishólmi ýmsar aukabúgreinar t.d. veitingarekstur og ullarlitun. Um aldamótin síðustu framleiddi Stykkishólmsapótek „Bitter“, til útflutnings.

Fyrsta lærða ljósmóðirin í Stykkishólmi var Ólöf Hjálmarsdóttir, hún hóf störf 1868. Hún starfaði í Hólminum fram yfir aldamót og þótti einstaklega heppin. Ólöf var jafnvel sótt úr öðrum sýslum ef mikið þótti liggja við. Lengst starfaði Ólöf með Hirti Jónssyni og höfðu þau kennslu fyrir verðandi ljósmæður, Ólöf sá um fræðsluna en Hjörtur læknir prófaði. Ólöf mun einnig hafa fengist eithvað við heima-hjúkrun.

Árið 1907 var kvenfélagið „Hringurinn“ stofnað í Stykkishólmi. Hafði það á stefnuskrá sinni að aðstoða berklasjúklinga við að komast til lækninga. Á þessum árum var hafist handa við byggingu heilsuhælis-íns að Vífilsstöðum og voru stuðningsfélög að því verkefni um land allt. Í skýrslum heilsuhælisfélagsins er að sjá, að slík deild hafi verið í Stykkishólmi og veitti Guðmundur læknir henni forstöðu.

Það sem skapaði læknum fyrri tíðar hvað erfiðust skilyrði, var sa aðbúnaður er almenningur bjó við. Opin vatnsból og skortur á frá-rennslum ásamt lélegum húsakynnum og takmörkuðum þrifnaði gerði

*Stykkishólmur 1932. Stekkjartangi og Rögnvaldarfjara.*



Stykkishólmur 1967. Spítalinn á Stekkjartanga og „slippurinn“ í Rögnvaldarfjörðu.

það að verkum að alls kyns smitsjúkdómar komu fram sem erfitt var að hafa hemil á.

Erfiðar vinnuaðstæður almennings orsökuðu álag er olli vinnuslys um og slitsjúkdóumum fyrir aldur fram. Takmarkað og einhæft fæði olli hörgulsjúkdóumum og takmörkuðum viðnámsþrótti gegn sjúkdóumum. Þetta átti þó ekki við um alla. Guðmundur Guðmundsson læknir sagði að hann hefði aldrei séð fólk sem var jafn vel haldið, og breiðfirska eyjafólkið, nema ef vera kynni breski aðallinn.

Í framhaldi af aukinni umræðu um skipulagsmál upp úr síðustu aldamótum fækkaði opnum vatnsbólum og holræsum og átti það sinn þátt í að hefta útbreiðslu smitsjúkdóma.

Eftir að farið var að nota „Cloroform“ til svæfinga á síðari hluta 19. aldar urðu holskurðir auðveldari viðfangs, þó að oft væru skurðstofurnar ekki beysnar.

Alþekkt var þegar Guðmundur Guðmundsson læknir í Stykkishólmi gerði uppskurðinn í baðstofunni að Hrísum í Helgafellssveit. Sjúklingurinn var lagður á hurð sem stóð á tveimur kössum milli rúma og uppskurðurinn gerður við þrengsli og ónógan hita.

Guðmundur læknir skar, en séra Sigurður Gunnarsson sá um svæfinguna. Skorið var upp við olíuljós og voru þrengslin það mikil að í hita leiksins kvíknaði í baðstofuloftinu og hrundi mold og aska yfir sjúklinginn svo gera varð hlé á uppskurðinum vegna slökkvistarfa.

Aðstaða til að hýsa sjúklinga var engin önnur en sú er læknarnir sjálfir lögðu til, í eigin híbýlum eða gátu útvegað í heimahúsum eða gistihúsi staðarins. Þegar kemur fram á tuttugustu öldina var farið að leigja sérstakar sjúkrastofur og skurðstofur úti í bæ. Sjúkrastofurnar voru í því húsnæði, sem til féll og falt var til leigu t.d. í Möllers-apótekinu og símstöðinni gömlu (Lionshúsinu). Aðalskurðstofan var í „Valgrímshúsi“, og segja menn er þá voru ungir drengir að cloroform-lyktina hafi lagt upp að skóla, þegar Guðmundur læknir var að „operera“.

Sjúkrastofur þessar voru lengst af leigðar af sjúkrahússjóði, sem stofnaður var í Stykkishólmi 1919 að frumkvædi Williams Th. Møller póstmeistara. Tildrög sjóðsstofnunarinnar voru þau að þennan veturn 1919, kom til Stykkishólms skip, er hrakið hafði í marga mánuði á hafi úti. Skipinu var lagt undir Ytri-höfðanum og þar fraus það inni. Um borð í skipinu var sjúkur maður og við nánari athugun greindist hann með taugaveiki. Sjúklingurinn var einangraður í stofu í gömlu símstöðinni en þar lést hann skömmu síðar, úr kulda að talið var. Sáu nú bæjarbúar í hendi sér að nauðsynlegt væri að koma upp mannsæmandi hjúkrunaraðstöðu og stofnuðu áðurnefndan sjóð til úrbóta í málinu.

Sjóðurinn varð fljótlega um 20.000 kr., og var notaður framan af til þess að leigja sjúkrastofur. Einnig hafði sjóðurinn á sínum snærum konu, er sá um hjúkrun og aðhlynningu, bæði á sjúkrastofunni og í heimahúsum. Hún mun ekki hafa verið lærð hjúkrunarkona en skilaði sínu starfi með sóma.

Læknisvitjanir fyrri alda hafa verið erfiðar, farartækin voru hestar og segl- eða árabátar. Þessar ferðir voru oft slarksamar og áttu læknar oft harða útivist. Um 1905 batna samgöngur á sjó með tilkomu fyrstu gufu- og mótorbátanna. Eftir það eru jafnan aðgengilegar samgöngur frá Stykkishólmi á sjó, til helstu byggðarkjarnanna við Breiðafjörð.

Um það leyti er Ólafur Ólafsson gerðist læknir í Stykkishólmi verður mikil bylting í öllum samgöngum. Árið 1928 kom fyrsta flugvél og fyrsti bíllinn til Stykkishólms og á sama tíma er mb. Baldur farinn að vera með reglulegar áætlunarferðir um fjörðinn sunnanverðan.

## ST.FRANCISKUSSPÍTALINN



Páll Friðrik Vídalín Bjarnason, sýslumaður í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 1912-1930. Frá honum var komin hugmyndin um kaþólskan systraspítala í Stykkishólmi.

Sjúkrahúsbyggingar erlendra manna á Íslandi, um aldamótin, tengdust í einu og öllu fiskveiðum Frakka við Ísland. Þegar kom fram um 1930 mátti heita að veiðarnar væru aflagðar og því litlar líkur á auknum umsvifum útlendinga í heilbrigðisgeiranum. Samt er lengi von á einum.

Arið 1929, þegar ljóst þótti að sjúkrahússjóðurinn áðurnefndi hefði ekki bolmagn til að reisa og reka sjúkrahús, tók yfirvaldið í Hólminum málid í sínar hendur.

Sýslumaðurinn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Páll Vídalín Bjarnason, kom fram með þá hugmynd hvort ekki væri hægt að fá einhverja kaþólska systrareglu til að taka að sér rekstur sjúkrahúss í Hólminum. Fólkann Oscar Clausen sem var kunnugur Meulenberg biskupi að kanna málid.

Meulenberg biskup tók málinu vel og kom því áleiðis til æðri yfirvalda innan kaþólsku kirkjunnar. Engin systrareglu treysti sér til þess framan af að taka málid að sér en trúboðsdeild Páfagarðs sýndi málinu mikinn áhuga og einnig yfirmaður kaþólsku kirkjunnar á Norðurlöndum, Van Rossum kardínáli.

Kardínálinn fór þess á leit við reglu Franciskussystra að þær tækju að sér að reisa og reka sjúkrahús í Stykkishólmi og tóku þær verkefnið upp á sína arma. Voríð 1932 kom til landsins priorinna frá reglunni ásamt einkaritara og héldu þær vestur í Hólm ásamt Meulenberg biskupi, Oscar Clausen og tveimur St. Jósefssystrum úr Reykjavík. Í þessari ferð tókst samkomulag um byggingarstaðinn á svonefndum Stekkjartanga. Áður hafði hreppsnefndin boðið fram stað er biskup hafnaði.



Martein Meulenberg, biskup og Wilhelm van Rossum, kardináli.



Þess má geta í framhjáhlaupi að er það spurðist út að reglan hyggði á sjúkrahúsbyggingu, gerðu nokkur sveitarfélög tilraun til að fá systurnar til sín, t.d. Borgfirðingar og Eyrbekkingar buðu fram sjúkrahúsbyggingu sína að Litla-Hrauni, þar sem fangelsið er núna.

Í framhaldi af vesturferðinni, fól Meulenberg biskup, Sigurði Guðmundssyni arkitekt að teikna bygginguna er hýsa skyldi sjúkrahús, klaustur og kapellu. Hólmarar höfðu gert ráð fyrir 8 rúma sjúkrahúsi og ekki órað fyrir þeim stórræðum er ráðist var í.

Vorið 1933 fór biskup aftur vestur í Hólm og var þá gengið endanlega frá samningum milli Stykkishólmshrepps og sýslunefndar annars vegar og reglu Franciskussystra hinsvegar, og er samningurinn í stórum dráttum þessi.

Regla Franciskussystra tók að sér að reisa og reka 40 rúma spítala í Stykkishólmi, en fékk á móti sjúkrasjóðinn kr. 20.000, endurgjaldslausa lóð og 6.000 kr. rekstrarframlag úr sýslusjóði á ári, auk niðurfellingar á hafnargjöldum af byggingarefni.

Má ljóst vera að framlag hreppsins og sýslunnar hefur einungis verið dropi í hafið af byggingar- og rekstrarkostnaði. Engin aðgengileg gögn voru við hendina er greindu frá byggingarkostnaðinum, en hann nam hundruðum þúsunda króna og hafa greiðslurnar er bárust frá St. Franciskussystrum í Belgíu verið kærkomið búslag fyrir íslenska ríkið í gjaldeyrisskorti þeirra tíma.

## BYGGING SJÚKRAHÚSSINS

Í júlí 1933 var hafist handa við byggingarframkvæmdir.

Þó að í Stykkishólmi hafi verið nokkuð um smiði og aðra iðnaðarmenn á þessum tíma var það ljóst strax frá upphafi, að þeim yrði um megn að standa einir að verkinu. Bæði kom þar til stærð verkefnisins og eins hitt að húsbryggingar í Stykkishólmi höfðu nærrí einvörðungu verið úr timbri og heimamenn lítt vanir uppslætti og „steypiríi“. (Eina stóra steinsteypta byggingin fyrir tíma spítalans var verslunarhús Kaupfélags Stykkishólms, byggt 1930.

Stykkishólmur. St. Franciskusspítalinn í byggingu 1934.

Nokkrir iðnaðarmenn af Reykjavíkursvæðinu gerðu því með sér félag

Iðnaðarmenn og verkamenn við byggingu St. Franciskusspítalans í Stykkishólmi 1933–1935.




og tóku að sér að standa fyrir byggingarframkvæmdunum. Húsasmíðameistari var Einar Kristjánsson, múrarameistari Sigurður Jónsson, pípulagningameistari var Lúther Salomonsson, rafvirkjameistari var Ómar Eyjólfsson og málarameistari var Karl Ásgeirsson. Pessir iðnaðarmenn höfðu allir unnið saman áður að byggingum á höfuðborgarsvæðinu.

Eftirlitsmaður með framkvæmdum af hálfu Marteins Meulenbergss biskups var Árni Finsen arkitekt og flutti hann vestur í Stykkishólm með fjölskyldu sína og bjó þar meðan framkvæmdir stóðu.

Fjöldi smiða og verkamanna úr Stykkishólmi starfaði einnig við byggingu spítalans og munaði margan um það því áhrifa heimskreppunnar gætti í Stykkishólmi eins og annars staðar og hafði atvinnuleysi verið mikið síðasta áratuginn. Hafist var handa við að grafa fyrir grunninum og steypa sökkla, var þetta allt saman handunnið þar með talið grjótsprengingar og einnig var öll steypa í sökkulinn hrærð í höndum. Síðar þegar farið var að steypa upp húsið sjálf var fengin til þess stór steypuhrærivél, sennilega sú fyrsta sem notuð var í Stykkishólmi. Gekk verkið vel þó svo að einhverjar breytingar væru gerðar á byggingunni meðan á verkinu stóð, t.d. var bætt í húsið stokk fyrir fólksslyftu sem er ómissandi í slíkri byggingu.

Byggingaframkvæmdir þessar voru góður skóli fyrir heimamenn og voru að vissu leyti grunnurinn undir því iðnaðarmannasamfélagi er reis upp í Stykkishólmi á næstu áratugum þar á eftir.



St.Franciskusspítalinn í byggingu 1934.

## LÝSING Á SPÍTALANUM

Spítalabyggingin stendur á svonefndum Stekkjartanga sem áður var hjáleiga frá Grunnasundsnesi og stóðu bæjarhúsin nær þar sem nú stendur Austurgata 9. Af stekkjartanga er hið fugursta útsýni til fjalla og yfir Breiðafjörðinn. Spítalabyggingin sjálf er fagurt mannvirki, þrjár hæðir og ris. Að vestanverðu, hornrétt á aðalbygginguna, er kapella og klaustrið upp á tvær hæðir, en hornrétt aftur úr austurhorni spítalans er önnur álma á einni hæð, þar var sett upp rafstöð bæjarins. Þar var hún í rúman áratug.

Sjálf spítalabyggingin var 26 m á lengd, 12 m á breidd og 12,25 m á hæð að þakbrún. Tvennar svalir voru á báðum endum aðalbyggingarinnar, jafnbreiðar henni. Á aðalbyggingunni og rafstöðvarbyggingunni var valmaþak, en slétt svalaþak með steyptum handriðum ofan á klastrinu.

Á jarðhæð spítalans voru röntgenstofa, dimmstofa, ljósastofa, viðtalastofa læknis, eldhús og geymslur, borðstofur, skol og snyrtiherbergi og nokkur önnur minni herbergi, enn fremur anddyri og stór forstofa. Anddyri, forstofa og stigar eru lögð ljósum marmara. „Rúmgóð“ lyfta gengur frá forstofu upp á efri hæðir hússins.

Á miðhæð voru sex rúmgóðar sjúkrastofur, þar af ein með fjórum rúnum, tvær með þremur rúnum og þrjár með tveimur rúnum. Alls voru því 16 sjúkrarúm á þessari hæð. Ein stofa var að jafnaði notuð sem fæðingastofa og önnur fyrir sængurkonur. Á þessari hæð var einnig dagstofa sjúklinga, varðstofa, bítbúr, baðherbergi, snyrtiherbergi og skol.

Á efstu hæð voru tvær mjög stórar sjúkrastofur, þvert yfir húsið með 12 sjúkrarúnum hvor, stór og vönduð skurðstofa, sótthreinsunarherbergi með autoclava og verkfæraskápurum, og skiptistofa sem einnig var notuð fyrir minniháttar aðgerðir, baðherbergi, snyrtiherbergi og tvö önnur minni herbergi.

Á rishæð var stórt þurrkloft, straustofa og nokkur minni herbergi og geymslur.

## FYRSTU SYSTURNAR KOMA TIL STYKKISHÓLMS

**F**ann 22. júní 1935 stigu fyrstu St. Franciskussysturnar á land í Stykkishólmi, á regnvotum grámóskulegum degi í framandi landi, tilbúnar að mæta því sem að höndum bæri og reiðubúnar til þjónustu í fátækt og auðmýkt. Þær voru fjórar systurnar sem fylgdu Meulenberg bískupi upp hafskipabryggjuna, fram hjá hópi forvitinna bæjarbúa er safnast höfðu saman til að taka á móti þeim og bjóða þær velkomnar. Þótt sumir bæjarbúa hafi kannski verið dálítið á varðbergi gagnvart hinum framandi konum, líkt og Reykvíkingar gagnvart St. Jósefssystrum á sínum tíma, var þeim ljóst, háum sem lágu, þvílikur hvalreki þær voru í þeirra litla og fábrotna samfélagi.

Fyrstu systurnar fjórar voru: Systir Damíana, systir Amanda, systir Fregalda og systir Ermelía. Systir Damíana var príorinna í Belgíu og var hlutverk hennar að koma starfinu af stað og aðstoða við val á fyrstu príorinnu staðarins. Hélt hún utan að því loknu.



Fyrstu systurnar stíga á land í Stykkishólmi 22. júní 1935.



Fyrstu systurnar ásamt fylgdarliði við spítalann 22. júní 1935.



Systurnar í garðvinnu. Þær ræktuðu mikið og reyndu að vera sjálfar sér nógar um sem flesta hluti.

Systir Amanda varð fyrsta príorinnan við klaustur St.Franciskus-systra í Stykkishólmi. Hún gegndi því embætti meira og minna til 1964 en hún fór alfarin utan. Systir Amanda býr, þegar þetta er ritað, hjá systrunum í Belgíu.

Pann 21. nóvember 1935 bættust tvær systur í hópinn. Það voru systir Anna og systir Franciska. Systir Anna dvaldi í klaustrinu til 1993 en fór þá utan.

Systir Fregalda fór utan 1937. Um sama leyti bættust í hópinn þrjár nýjar systur. Það voru systir Heralde, systir Singoline og systir Colette, en tvær þeirra fóru utan eftir ár vegna veikinda. Í stað þeirra komu systir Elísabet og „svarta systir“, sem líka hét Elísabet. Systir Elísabet dvaldi í klaustrinu í 26 ár en hún lést 1963. „Svarta systir“ var kölluð svo vegna litar þess búnings er hún bar. Hún var í sömu reglu en í annarri deild, sem var ekki eins ströng, t.d. mátti hún fara ein út.


Hólmarar tóku vel á móti systrunum. Í fyrstu voru þeir nokkuð hikandi, sem gat stafað af því að fæstir höfðu séð klausturfólk áður og voru því ekki vissir um hvernig ætti að koma fram við það. Tungumálaörðugleikar voru það sem helst stóð systrunum fyrir þrifum en fyrsti presturinn við klaustrið sr. Ubagas, var þeim mjög hjálplegur við íslenskunámið.

Þegar systurnar komu voru sjúkrahúsið og klaustrið fullbyggð, en ekkert var af innanstokksmunum til að hægt væri að taka á móti sjúklungum, engin rúm, gardínú- og sængurfatalaust svo eithvað sé nefnt.

Systurnar reyndu í hvívetna að vera sjálfum sér nógar, þær ræktuðu grænmeti og sáu um allan saumaskap, bæði gluggatjöld og sængurföt. Þrif og þvottar voru erfiðisvinna þar sem engin vatnsveita var í þorpinu og þurfti að sækja allt vatn í brunn fyrir neðan spítalann. Ef vatnið í brunnum þraut þurfti að aka þvottinum á vörubíl upp að Drápu-hlíðarfjalli og þvo hann í Gríshólsánni.



Börnum í Stykkishólmi hefur löngum þótt gaman að heimsækja kaþólsku prestana. Hér sést séra Jan Habets í fríðum flokki.



Hákon Loftsson, prestur við klaustrið í Stykkishólmi 1972–1977.

Börnin úr þorpinu fóru fljótlega að heimsækja systurnar og varð það til að efla mjög sambandið við þorpsbúa, einnig hjálpuðu börnin systrunum mikið við að læra tungumálið.

#### KAPÓLSKIR PRESTAR

Frá upphafi hefur starfað kaþólskur prestur við klaustrið í Stykkishólmi. Fyrstur var séra Ubagas og þjónaði hann við klaustrið í um 15 ár með stuttum hléum. Þá tók við séra Gerard Boots til c.a. 1960. Við af honum tók séra Hubert Habets og þjónaði hann til 1972. Eini íslenski presturinn sem þjónað hefur við klaustrið var séra Hákon Loftsson og var hann hér frá 1972, allt til dauðadags 1977. Séra Jón Habets tók við af honum og þjónaði uns hann fell frá 1995. Prestur við St. Franciskus-klaustrið í Stykkishólmi er nú séra Sean (Jón) McTiernan.

# FYRSTU ÁR SPÍTALANS

**P**ann 3. september 1935 sendu systurnar inn umsókn um starfsléyfi fyrir spítalann. Hjól íslenska kerfisins snerust hægt að vanda og það var ekki fyrr en einu ári og einum degi betur eftir að umsóknin var send inn að leyfi til að hefja reksturinn lá fyrir.

Pann 17. september 1936 tók St.Franciskusspítalinn í Stykkishólmi formlega til starfa og var í því tilefni haldin sérstök bænastund í klausturkapellunni.

Það var síðan þann 18. september 1936, að St.Franciskussysturnar tóku á móti fyrsta skjólstæðingi sínum.

Spítalinn hafði 40 sjúkrarúnum á að skipa á 2. og 3. hæð og var um almenna deild að ræða, auk fæðingastofu og skurðstofu. Ólafur Ólafsson var fyrsti læknir spítalans. Jafnframt því var hann héraðslæknir og hafði stofu á fyrstu hæð byggingarinnar. Læknirinn og hjúkrunarlið spítalans varð að hafa mjög viðtæka þekkingu á öllum sviðum heilbrigðisþjónustu, því eins og önnur landsbyggðarsjúkrahús, mátti St.Franciskusspítalinn eiga von á öllum mögulegum slysa- og sjúkdómatilfllum. Skurðstofan var vel nýtt. Ein hjúkrunarsystirin svæfði og héraðslæknirinn skar upp allt sem hann réði við.

Oft komu upp erfið bráðatilfelli sem kölluðu á betri tækjabúnað en spítalinn hafði upp á að bjóða en samgöngur komu í veg fyrir tafarlausen flutning sjúklings á hin betur búnu sjúkrahús í Reykjavík. St.Franciskusspítali hafði mjög hæfu starfsfólk á að skipa og slíkum tilfellum var tekið með festu og ró og var allt gert sem mögulegt var í stöðunni. Bíða varð færис að koma hinum sjúka í hendur sérfræðinga í Reykjavík. Ekki var til sjúkrabíll í Stykkishólmi. Systurnar minnast þess þegar flytja þurfti sjúkling á vörubílpalli niður að höfn þar sem hann var ferjaður með trillu yfir í sjóflugvél sem flutti hann til Reykjavíkur.

Á fyrstu starfsárum spítalans voru engin sjúkrasamlög fyrir hendi í landinu og þurftu því sjúklingarnir sjálfir að greiða fyrir umönnunina. Allir sem þurftu á hjálp að halda voru velkomnir í St.Franciskusspítalann hvort sem þeir áttu peninga til að greiða fyrir leguna eða ekki. Ekki

DOMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI

Reykjavík, 28. júlí 1936.

Eftir móttoku bráða kirkjuski systurnareglanum  
"Fransiskusmennus kláðumræsunnar van Karl's", daga. 2. sept.  
1936, sem reistur hefur sjálfarðs f Stykkishólm, jar sunn  
festið er frum ós, að systurnar megi starfsemi sjálfarðs þetta  
f Stykkishólm, ekki það tekná frum, að ríkumengið veitir  
refndri systurnareglu leyfti til að starfsemi vorsett sjálfarðs  
sem kláðum sjúkrarum fyrir tilit að eða eyðilegning, eða fari  
um starfsemiðum ó hvernig tímna ræktarlegi ligum um sjálfarðs  
og verði sjúkrarhólfum lefnum að fyrir hjúkrunarliði, sem rétt  
hefji til hjúkrunarstarfs hér á landi rækvaði hjúkrunarkomu  
hljónum.

Sanningur um stofanum og rekstur sjálfarðsins endur-  
semist hér með eðiliciðum, með fríteigt meðfæsinga ráðuneytisar  
dældast með undirriti af sanningunum fylgir umræðum hér-  
með.

F. H. F.

et. E.

Reykjavík.

III  
prioratu Marie Annað,  
Stykkishólm.

Starfsleyfi fyrir spítalann dagsett 28. júlí  
1936.



Systir við hjúkrun á fyrstu árum spítalans.

Í klausturkapellunni 1936.



voru allir þess megnugir og stundum voru börnin orðin stálpuð þegar foreldrarnir gátu loks að fullu greitt fyrir sængurleguna. Slíkt skipti ekki máli fyrir systurnar sem voru þarna af hugsjón. Auðvitað komu slíkar staðreyndir illa við reksturinn, sem og það að spítalinn reyndist þegar til kom of stórt. Reksturinn var því erfiður. Þegar búið var að borga gjöld og laun til hinna örfáu föstu starfsmanna var oft lítið eftir til reksturs klaustursins sjálfs.

#### FRAM LIÐU STUNDIR

Fljótlega kom í ljós að spítalinn var of stórt fyrir þarfir staðarins og varð reksturinn því mjög erfiður. En systurnar þraukuðu þó að þróngt væri í búi, í þeirri bjargföstu trú að þeim legðist til það sem upp á vantaði til að reksturinn kæmist í fullan gang. Þriðja hæð spítalans var fyrstu árin nánast alveg ónýtt og mátti ekki við svo búið standa.

Rauðikross Íslands fór þess á leit við systurnar árið 1940 að þær tækju að sér sumarvistun barna af Reykjavíkursvæðinu. Þetta varð úr og dvöldu börn úr Reykjavík á hinni lítt nýttu þriðju hæð spítalans öll sumur fram til loka síðari heimsstyrjaldar.

Árið 1943, tók spítalinn að sér vistun á sjúklingum af hinum yfir-hlaðna Kleppsspítala og varð það mjög til að bæta rekstrarstöðu spítalans. Sjúklingar þessir voru valdir af læknum Kleppsspítala og fylgdi þeim sjúkdómsgreining og ráðleggingar um meðferð. Fyrsta árið voru sendar á St.Franciskusspítalann 9 „rólega geðveikar konur“ og árið eftir 10 til viðbótar. Síðan voru að jafnaði vistaðir 19–23 sjúklingar af Kleppi allt til ársins 1981.

Vatnsveita var tekin í notkun í Stykkishólmi árið 1946 og hefur það verið kærkomin breyting. Vatnsveitan hefur sparað mikið erfiði og vatnsburð við þvotta og hreingerningar. Þetta sama ár var einnig reist ný rafstöð í Stykkishólmi og var þá rafstöðin í spítalanum aflögð.



Við störf í prentsmiðjunni 1952, systir Rósa og systir Renée.

Þann 1. mars 1948, lét Ólafur Ólafsson læknir af störfum sem héraðslæknir í Stykkishólmshéraði en hann hafði jafnframt verið læknir við St.Franciskusspítalann frá því hann tók til starfa. Við af Ólafi tók Guðmundur Björnsson en hann var auk almennra lækninga, sérfræðingur í augnsjúkdómum. Guðmundur stoppaði stutt við aðeins nokkra mánuði en við af honum tók þann 1. júní 1948, Ólafur P. Jónsson.


Ljósmæður héraðsins á þessum tíma voru: Guðbjörg Kristín Vigfús dóttir 1921-54 og Elín G. Sigurðardóttir frá 1955, þær sáu um fæðingahjálp utan spítalans en „svarta systir“ réð ríkjum á fæðingastofunni.

#### PRENTSMIÐJAN

Árið 1952 kom þáverandi biskup kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, Jóhannes Gunnarsson, upp lítilli prentsmiðju við klaustur St.Franciskussystra í Stykkishólmi. Prentverk er gömul hefð hjá reglunni og var fyrsta prentsmiðja hennar stofnsett í Vanves við París 1889. Undir prentsmiðjuna var notað húsnæðið, þar sem rafstöðin hafði áður verið, útbygging við austurhorn spítalans.

Þetta ár kom prentaralærð systir frá Belgíu, systir Rósa, og þá kom einnig frá Belgíu systir Renée, núverandi príorinna klaustursins. Fyrsta prentvélin kom um haustið, þann 1. nóvember. Allar vélar og tæki voru í eigu kaþólska biskupsembættisins en systurnar lögðu til húsnæðið. Erfitt var um útvegun bæði tækja og efnis en faðir systur Rósu sem var prentari í Belgíu og hún hafði lært fagið af, var systrunum innan handar við útvegun á því sem vantaði.

Í prentsmiðjunni var prentað allt efni fyrir kaþólsku kirkjuna og biskupsembættið. M. a. „Merki krossins“, „Rómversk-kaþólsk messusöngbók“ og bók um Heilagan Frans frá Assisí. Systurnar prentuðu allskyns smáprent, bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga og var mikið hagræði af því fyrir „Hólmar“.



Jóhannes Gunnarsson biskup kápolkskra á Íslandi, frá 1943 til 1966. Hann var fyrsti Íslendingurinn með kápolkska biskupsvíglu síðan 1550.



Fyrsti almenni starfsmaður spítalans, Þorleifur Jóhannesson.

## STARFSFÓLKID

Á þessum tíma störfuðu aðeins fjórir almennir starfsmenn við spítalann, það voru umsjónarmaður, gangastúlka, stúlka í þvottahúsi og í eldhúsi.

Fyrsti almenni starfsmaður spítalans var Þorleifur Jóhannesson eða „Leifi biskup“ eins og gárungarnir í þorpinu kölluðu hann. Hann var fyrsti umsjónarmaðurinn. Auk annarrar vinnu sá hann um að baða og raka alla karlsjúklinga, annað var ekki til siðs á þeim tíma. Ein fyrsti starfsmaðurinn í eldhúsínu var Sigríður Jónsdóttir frá Úlfarsfelli. Starfaði hún þar í ein 40 ár og sá lengi um allan bakstur fyrir spítalann. Eldhúsið var alveg lokað eining og þangað inn steig enginn fæti sem ekki vann þar, en allur matur var afgreiddur í gegnum lúgu fram í kaffistofu starfsmanna sem var þá þar sem „búrið hennar systur Elís“ er núna. Ein stúlka vann í þvottahúsi sem var staðsett þar sem nú er rannsóknarstofan á 1. hæð en þvotturinn var þurrkaður og straujaður á 4. hæð. Ein stúlka vann á „ganginum“, í býtibúri og við skúringar. Stúlkurnar áttu frí annan hvern sunnudag en alltaf var ein á „ganginum“.

Lengst af voru mjög fáir fastir starfsmenn við spítalann og var álagið mikil. Ef vinnan jókst og ekki var hægt að ráða fleiri starfsmenn urðu systurnar að bæta því á sig sem afgangs var. Hafa þær jafnan unnið langan dag, komnar á fætur kl. 05.00 og mættar til vinnu kl. 07.00 eftir bænahald og morgunverð. Síðan var unnið allan daginn og fram á kvöld, eins lengi og þurfti hverju sinni. Alltaf var ein systir á bakvakt og svaf hún í herbergi inn af deildinni á 2. hæð. Sú systir er átti bakvaktina gat lent í því að vinna alla nöttina og þurfa síðan að halda áfram allan næsta dag.

## BARNAHEIMILI

Árið 1957 fór príorinnan, systir Amanda í árs leyfi og til að leysa hana af kom príorinnan frá klastrinu í Færejum. Systurnar í Færejum ráku meðal annars barnaheimili og tók príorinna þessi sér það fyrir hendur að endurreisa og skipuleggja sumardvöl fyrir börn af Reykjavíkursvæðinu. Komu síðan börn og dvöldu hjá systrunum á sumrin til 1965 en þá varð aftur hlé á starfsemi þessari. Á sama tíma (1957) hófu systurnar rekstur leikskóla fyrir börn undir skólaskyldualdri og starfaði leikskólinn á veturna. Þess ber að geta að systurnar hafa alla titið börnini sig miklu skipta og höfðu allt frá 1936, saumakennslu fyrir stúlkur og annað föndur fyrir drengi. Þessi þjónusta systranna var í fullum gangi fram yfir 1970 en lagðist af eins og svo margt annað með tilkomu sjónvarps og myndbanda.

## UPPGJÖR Á 25 ÁRA AFMÆLI SPÍTALANS

Ólafur P. Jónsson létt af störfum í Stykkishólmslæknishéraði í mars 1961. Áður en hann létt af störfum ritaði hann fróðlega greinargerð um starfsemi St. Franciskusspítalans í 25 ár, og gefur hann þar nokkrar tölfraðilegar upplýsingar. Þar kemur meðal annars fram að á spítalanum höfðu



Í leikskólanum 1958.

legið þennan tíma 2600 sjúklingar eða 108 á ári að jafnaði. Legudagar voru alls um 200.000, eða 8330 til jafnaðar á ári, en síðustu 5 árin (1956-1960) voru legudagar að jafnaði 11.338. Framkvæmdir höfðu verið 352 holskurðir auk „fleiri hundruð“ smærri aðgerða. Einnig hafði verið „mikið um“ slysaaðgerðir og „fjölmargir“ fengið ýmiskonar fysiurgiska meðferð. Um 400 börn höfðu fæðst á spítalanum á þessum tíma og „víðtækt eftirlit“ verið með ófrískum konum. Þá höfðu verið gerðar „nokkur hundruð“ loftbrjóstaðgerðir. Frá árinu 1943 „en lengra ná skýrslur ekki“ höfðu verið teknar um 1300 röntgen-myndir og verið gerðar um 1850 röntgen-skyggningar.


Vel er við hæfi að fá slíkt uppgjör einmitt frá þessum tíma, því að á árunum eftir 1961, þegar Ólafur P. Jónsson lætur af störfum verða miklar breytingar, bæði á spítalanum og hjá systrunum.


## BREYTINGATÍMAR

**P**annig háttaði til að upp úr síðustu aldamótum voru komnir læknar bæði í Ólafsvík og Flatey á Breiðafirði og við þær ráðstafanir minnkaði þjónustusvæði héraðslæknisins í Stykkishólmi. Stykkishólmsslæknishérað hafði síðan 1907, náð yfir Eyrarsveit, Stykkishólmshrepp, Helgafellssveit, Skógarstrandarhrepp og Miklaholtshrepp. Einnig þjónaði Stykkishólmsslæknirinn, Flatey á Breiðafirði þegar Flateyjarhérað var á milli lækna. Nú er orðin sú breyting á þessu fyrirkomulagi með lögum um heilsugæslustöðvar að héraðslæknir fyrir Vesturland situr á Akranesi og heilsugæslulæknir er með fast aðsetur í Grundarfirði.

Frá 1944 hafði héraðslæknirinn í Stykkishólmi jafnan aðstoðarlækni og kom þar tvennt til. Annars vegar eru umsvif St.Franciskusspítalans að aukast á þeim tíma og eins hitt að á sama tíma er þéttbýliskjarni að myndast í Grundarfirði og kallaði það á breytt fyrirkomulag hjá héraðslækninum í Stykkishólmi. Á tímabilinu 1957-1960, höfðu aðstoðarlæknarnir aðsetur í Grundarfirði, enda kölluðu þessar breyttu forsendur á nýskipan læknamála á svæðinu.

Árið 1962, eftir að Ólafur P. Jónsson hafði látið af störfum, tók við héraðinu Guðmundur Helgi Þórðarson læknir. Sama ár var ráðinn fyrsti læknirinn, er eingöngu sinnti spítalanum og var það Geir Jónsson.





Á sama tíma var einnig unnið að því að koma upp rannsóknarstofu á spítalanum. Tæki voru keypt inn í samráði við Landsspítalann á árunum 1961-1962, og tók fyrsti meinatæknirinn, Sigríður Pétursdóttir til starfa þann 26. mars 1964.

Einnig varð sú breyting á að ljósmóðir héraðsins flutti inn í spítalann með sína starfsemi. Það var Elín G. Sigurðardóttir ljósmóðir, en hún hóf störf á sjúkrahúsini árið 1964 og starfaði til 1. október í ár. Síðustu 7 árin áður en ljósmóðirin flutti inn á spítalann, hafði systir Ernelía séð um fæðingadeildina. Hún var hjúkrunarkona en ekki ljósmóðir, en hafði tekið við þeim starfa þegar „svarta systir“ fór.

Á þessum tíma varð einnig mikil endurnýjun á tækjabúnaði spítalans. Í skurðstofu voru keypt svæfingatæki, nýtt skurðborð og skurðstofulampi. Sótthreinsunartækin sem voru steinolíukynt og frá árinu 1936, voru lögð til hliðar og ný fengin í þeirra stað. Í fæðingastofu var keyptur nýr fæðingabekkur og fyrir röntgendeild voru keypt ný röntgentæki. Fóru þessi endurnýjun tækja fram á árunum 1962-1966.

Systurnar fóru heldur ekki varhluta af breytingunum á þessum tíma því að kirkjuþing kaþólskra er starfaði á árunum 1962-1965, færði reglur þær er St. Franciskusssystrum bar að fara eftir í nútímalegra horf. Mjög strangar reglur höfðu t.d. gilt um klæðnað systranna. Þær gengu í

Á skurðstofu 1968. Systir Renée Lonton, priorinna og Elín G. Sigurðardóttir ljósmóðir að störfum.

*St.Franciskussystrum færður hitakassi í  
fæðingastofu að gjöf frá Kvenféluginu Lilju í  
Grundarfirði árið 1972.*




skósíðum kjólum og með nokkurn veginn kassalaga höfuðbúnað. Eftir kirkjuþingið varð klæðnaður þeirra allur þægilegri og nútímalegri. Einnig urðu reglur um útivist rýmri en fram til þessa tíma máttu systurnar ekki fara út úr byggingunni öðruvísi en tvær saman hið minnsta. Telja má víst að breytingar þessar hafi gert systrunum vistina hér þægilegri og kannski örlítið skemmtilegri.

## BYGGT, BREYTT OG BÆTT

**U**m 1965 var hafist handa við ýmsar breytingar og viðbætur við St.Franciskusspítalann. Fyrst var legurýmið stækkað. Það hafði frá upphafi og til 1960, verið óbreytt, 40 rúm. Árið 1960 var rúmum fækkað niður í 36 og árið 1963, niður í 34 og þá skráð í tvennu lagi, 16 almenn sjúkrarúm og 18 rúm fyrir geðveika sjúklinga. Sumarið 1967 var hafist handa við að byggja viðbyggingu við spítalann austanverðan, svo kallaðan „Trésmiðjuturn“ og voru í honum á 2. hæð sjúkrastofur er bættu 16 rúma leguplássi við spítalann. Var rúmafjöldi eftir það skráður 50 en tók síðan að fækka þar sem sífellt þurfti að taka af rýminu undir aðra starfsemi. Einnig var eldhúsið stækkað og endurnýjað, í viðbyggingunni var auk eldunar- aðstöðu, bakarí ásamt kæli og frystigeymslum. Í framhaldi af eldhúsbyggingunni var einnig byggð kaffistofa fyrir starfsmenn, sem fjölgaði mjög á þessum árum.

Næsta mál á dagskrá var að byggja húsnæði yfir hina síauknu starfsemi barnaheimilisins. Eins og áður greinir hófu systurnar aftur að taka börn úr Reykjavík til sumardvalar skömmu fyrir 1960 ásamt rekstri leikskóla og sunnudagaskóla fyrir börn í Stykkishólmi. Aðstaða fyrir börnin úr Reykjavík var á 4. hæð spítalans en leikskólinn og sunnudagaskólinn hafði aðstöðu á jarðhæð þar sem nú er skiptistofan. Jókst

Systir Lovisa Vermeerbergen, leikskólastjóri með ungana sína.



starfsemi þessi mjög ört, t.d. voru árið 1957 aðeins 12 börn í leikskólanum en árið 1963 voru þau orðin 60 að tölu og var þá orðið ærið þróngt á þingi.

Árið 1967 var því ráðist í að byggja sérstakt hús yfir leikskólann og sumardvölina. Húsið teiknaði Guðmundur Þór Pálsson arkitekt og var það byggt af Trésmiðjunni Ösp í Stykkishólmi. Hús þetta er upp á þrjár hæðir og samþyggt því er íbúðarhús kaþólska prestsins, sem var byggt um leið. Í kjallara barnaheimilisins eru leikstofur. Á jarðhæð eru tvær kennslustofur auk eldhúss og snyrtiherbergja. Á 2. hæð voru tveir salir er hýstu 20 drengi og 20 stúlkur. Þessum sölum hefur nú verið breytt í leikstofur auk þessa var á hæðinni herbergi fyrir gæslukonu, en þar er nú skrifstofa barnaheimilisins. Á 2. hæð voru einnig baðherbergi sem nú er búið að breyta í vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk. Í kjallara prests-íbúðarinnar, þar sem áður var gert ráð fyrir vinnustofu, er nú íbúð er notuð hefur verið fyrir aðkomustarfsfólk við spítalann.

Systir Harríet og systir María Elísabet munu að mestu hafa séð um barnaheimilið framan af en eftir að nýbyggingin var fullgerð kom lærð fóstra, systir Lovísa, og tók við rekstrinum. Almennum starfsmönnum við barnaheimilið hefur einnig fjöldað.

Síðasta byggingaframkvæmdin sem ráðist var í á þessum tíma var viðbygging við prentsmiðjuna. Á þessum tíma var keypt setjaravél og þurfti að auka húspláss prentsmiðjunnar þess vegna. Einnig var í byggingu þessari viðbót við þvottahúsið sem fyrir löngu var orðið of lítið fyrir starfsemina.

Árið 1968 flutti hérðaslæknirinn aftur með lækningastofu sína inn á spítalann en hann hafði síðan 1962 „praktíserað“ á stofu sinni í héraðslæknisbústaðnum við Aðalgötu. Nýráðinn tannlæknir (sá fyrsti er aðsetur hafði í Stykkishólmi), Garðar Gíslason, tók við húsnæðinu af héraðslækninum og setti þar upp tannlækningastofu sína. Garðar var aðeins eitt ár við tannlækningar í Stykkishólmi en við af honum tók árið 1970, Klæmint Antoníussen tannlæknir og starfar hann hér enn.

# HEILBRIGÐISPJÓNUSTULÖGIN

**A**rið 1970 tók Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið til starfa og hefur í framhaldi af því orðið bylting í heilbrigðismálum, einkum á landsbyggðinni. Samin voru ný heildstæð lög um heilbrigðisþjónustu í landinu, hlutverk hennar skilgreint og starfsumhverfi lækna bætt til muna. Landinu var skipt niður í átta læknishéruð, og héruðunum síðan niður í umdæmi. Einn héraðslæknir er í hverju héraði, en umdæmin mismörg og mismönnuð í hverju héraði, allt eftir efnum og ástæðum. Í fyrstu grein laga um heilbrigðisþjónustu er tóku gildi 1. janúar 1974 segir, „Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði . . .“ heilbrigðisþjónusta tekur til hverskyns heilsugæslu, heilbrigðiseftirlits, lækningsarannsókna, lækninga og hjúkrunar á sjúkrahúsum, læknisfræðilegs endurhæfingarstarfs, tannalækninga og sjúkraflutninga.“

Í hverju umdæmi innan hvers læknishéraðs er minnst ein heilsugæslustöð og er hlutverk þeirra skilgreint þannig: „Heilsugæsla er heilsuverndarstarf, sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra, er ekki dveljast á sjúkrahúsum.“ Heilsugæslustöðvar eru með þrennu móti (1) Heilsugæslustöð H2, þar starfa tveir læknar hið minnsta auk annars starfsfólks. (2) Heilsugæslustöð H1, þar starfar einn læknir hið minnsta auk annars starfsfólks. (3) Heilsugæslustöð H, þar sem starfar hjúkrunarfæðingur eða ljósmóðir og læknir hefur reglulega móttöku. Þar sem sjúkrahús eru til staðar skulu heilsugæslustöðvar vera byggðar upp í tengslum við þau.



*Skiptistofa heilsugæslustöðvarinnar. Ragnheiður Gunnarsdóttir, hjúkrunarforstjóri gerir klárt eftir aðgerð.*

Rannsóknarstofa spítalans. Hafdís Bjarnadóttir, meinatæknir.



Í Vesturlandshéraði eru fjögar umdæmi og er Stykkishólmsundæmi eitt þeirra en innan þess voru í upphafi auk Stykkishólms (H2), Grundarfjörður (H), Búðardalur (H2) og Reykhólar (H).

Þróun sú er hafði átt sér stað í Stykkishólmi á árunum 1960-1970 var mjög í anda laganna, þannig að í sjálfu sér breyttist sára fátt í starfsemi St.Franciskusspítalans þegar heilsugæslustöðin tók þar til starfa 1975, bæði héraðslæknirinn og ljósmóðirin voru komin með aðstöðu í húsnæði spítalans og öll samnýting aðstöðu fyrir hendi eins og kveðið er á um í lögnum. Fyrsti heilsugæslulæknirinn í Stykkishólmi var Pálmi Frímannsson. Hann hafði sér til fulltingis ljósmóður í 1/2 starfi, auk ritara í 1/2 starfi. Pálmi hafði tekið við Stykkishólmsréði 1973 af Guðmundi H. Þórðarsyni, en sjúkrahúslæknir á þessum tíma var Halldór Jóhannsson. Hann kom til starfa árið 1975.

Þó margir af læknum þeim er starfað hafa í Stykkishólmi í gegnum tíðina hafi verið framarlega í félagsmálum verður Pálmi Frímannsson að teljast þar fremstur í flokki. Hann var mikill talsmaður almenningsþrótta, og einn fyrsti „skokkari“ bæjarins. Pálmi hélt mikið af námskeiðum, bæði um tóbaksvarnir, og námskeið fyrir þá er áttu við offitu að striða. Einnig hélt hann skyndihjálparnámskeið fyrir bæði sjómenn og iðnaðarmenn. Upp úr einu slíku skyndihjálparnámskeiði var síðan Björgunarsveitin Berserkir stofnuð haustið 1975. Pálmi læknir var einnig fremstur í flokki við endurreisin Rauðakross-deildar í Stykkishólmi og var á vegum hennar frumkvöðull að því að koma sjúkraflutningum á staðnum í viðunandi horf. Eftir að Dvalarheimili aldraðra tók til starfa 1978 var hann frumkvöðull að orlofsferðum aldraðra sem síðar þróaðist upp í félag eldriborgara „Aftanskin“.

Heilsugæslustöðin var framan af í algerlega ófullnægandi aðstöðu hvað húsnaði varðaði. Hún hafði til afnota tvær litlar stofur, samtals 24 m<sup>2</sup>, en samnýtti aðstöðu fyrir ritara, og biðstofu með spítalanum. Einsýnt var að fljótlega þyrfti að byggja yfir starfsemina.

Á meðan þær breytingar gengu yfir að ríki og sveitarfélag urðu samkvæmt lögum fullir þátttakendur í heilbrigðismálum staðarins, unnu systurnar áfram sitt hljóðláta líknarstarf. Systurnar eru fyrir löngu orðnar samgrónar Hólmurum og ómissandi þáttur í menningu þeirra. Það þætti kannski skrýtið, sums staðar erlendis, jólahaldið hjá Hólmurum, en þeir fara ekki einungis í sína jólamessu kl. sex á aðfangadag, heldur flykkjast þeir líka í messu í kaþólsku kirkjunni á miðnætti og fagna fæðingu frelsarans með systrunum. Félagar úr kór Stykkishólmsskirkju hafa um langan aldur, séð um söng í kaþólsku kirkjunni, hvenær sem þörf hefur verið á. Árið 1986, þegar „Jöklakóriinn“, sem samanstendur af kirkjukórum af Snæfellsnesi, fór í söngför sína til Ísrael, sá Páfi sér ástæðu til þess að gera kórnum heimboð til sín í Róm og þakkaði þar snæfellsku söngfólk fyrir þá vinsemd er það hefur í gegnum tíðina sýnt kaþólsku kirkjunni í Stykkishólmi.

Árið 1978 var hafist handa við að stækka klausturbýgginguna með byggingu nýs systrahúss. Í því eru svefnherbergi og dagstofa systranna. Jes Einar Þorsteinsson, arkitekt, teiknaði húsið en Trésmiðjan Ösp byggði.

Árið 1978, hófst starfsemi endurhæfingardeildar og var hún til húsa í alltof litlu og óhentugu húsnæði á 4. hæð spítalans. St. Lidwina sinnti í fyrstu þessari starfsemi en fyrsti lærði sjúkraþjálfarinn Caroline Becker kom til starfa 1979.

## NÝBYGGINGIN



*Samningur um framkvæmd nýbyggingar undirritaður 22.7.1980. Ingimar Sigurðsson frá Heilbrigðisráðuneytinu, Ellert Kristins-son, oddviti Stykkishólmshrepps, sr. Renée Lonton, priorinna og Sturla Böðvarsson, sveitarstjóri.*

**A**rið 1980, gerðu St.Franciskussystur og Ríkissjóður Íslands ásamt hreppum þeim er standa að heilsugæslu á svæðinu með sér samning um stækjun sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar í Stykkishólmi. Nýbyggingin er 2300 m<sup>2</sup> og þar af eru 490 m<sup>2</sup> undir heilsugæslustöð. Húsið teiknaði Jes Einar Þorsteinson arkitekt. Í byggingarnefnd sitja, Sr. Renée Lonton, formaður, Sturla Böðvarsson, alþingismaður og Einar Karlsson formaður Verkalýðsfélags Stykkishólms en byggingarstjóri af hálfu ríkisins er Hörður Kristjánsson, húsasmíðameistari.

Pann 27. sept. 1980 var tekin fyrsta skóflustungan, og framkvæmdir hafnar. Trésmiðjan Ösp í Stykkishólmi sá um byggingarframkvæmdir og voru þeir Ásgeir Gunnar Jónsson og Bergur Hjaltalín húsasmíðameistarar að byggingunni. Múrarameistari er Kristinn Finnsson, rafvirkjameistari var Haraldur Gíslason og síðar Sigurðór Guðmundsson. Pípulagnameistari er Andrés Kristjánsson, málarameistari var Þorsteinn Aðalsteinsson og síðar Björn Benediktsson.

Samfara nýbyggingunni og nýju rekstrarformi urðu að sjálfsögðu nokkrar breytingar á starfsemi St.Franciskusspítalans. Róttækasta breytingin var sú að geðdeildin var lögð niður og fór síðasti sjúklingurinn þaðan 10. júlí 1981.

Einnig breyttist rekstrarform barnaheimilisins á þessum tíma. Tekin var upp heilsárs leikskóli sem rekinn er af St.Franciskussystrum, með framlagi frá Stykkishólmssbæ. Þá lagðist sumardvalarheimilið niður.

Eins og áður greinir er nýbyggingin 2300 m<sup>2</sup>, á 7 hæðum þegar allt er talið. Húsið var steypt upp á árunum 1980-1984, og varð fokhelt 11. október 1984. Sama ár þann 13. desember var fyrsti hluti byggingarinnar tekinn í notkun, en það var þvottahúsið á jarðhæðinni. Undir þvottahúsinu í kjallaranum hafði einnig verið gert líkhús til bráðbirgða, en gamla líkhúsið varð að hverfa vegna nýbyggingarinnar. Gamla



*Nýbyggingin 17. september 1983.*

þvottahúsið á 1. hæð var síðan endurnýjað og þangað inn flutti rannsóknarstofan þann 12. febrúar 1986. Rannsóknarstofan hafði áður verið í einu herbergi og hömluðu þrengsli því að hægt væri að bæta við tækjabúnaði. Við flutninginn varð einnig gerbyting á tækjabúnaði rannsóknarstofunnar og getur hún nú sinnt öllum helstu rannsóknum á sínu sviði. Rannsóknarstofan sinnir auk spítalans, heilsugæslustöðinni í Stykkishólmi og heilsugæslustöðvunum í Grundarfirði og Búðardal.

Næst var tekið til við legudeildina á 2. hæð og var hún tekin í notkun þann 5. mars 1987. Á þeirri hæð nýbyggingarinnar eru fjórar almennar sjúkrastofur með tíu leguplássum auk tveggja leguplássa á gjörgæslustofu. Þar er einnig rúmgóð dagstofa fyrir sjúklinga, vaktherbergi, vinnuherbergi fyrir hjúkrunarkonu auk býtibúrs, ræstiklefa, snyrtiherrbergja og geymsla. Önnur hæð gömlu byggingarinnar hefur nú einnig verið endurnýjuð og eru nú alls 27 legupláss á hæðinni. Á hæðinni eru vistaðir bæði langlegusjúklingar og sjúklingar, er þurfa að vera til meðferðar um lengri tíma. Á hæðinni starfa á hverri vakt 12 manns, þar af er 1-2 hjúkrunarfræðingar og 2 sjúkraliðar. Legudagar á spítalanum eru nú á bilinu 10.000-12.000 á ári.

Jarðhæðin var tekin í notkun þann 17. september 1988. Þar er endurhæfingardeildin til húsa en eins og áður greinir bjó hún við þróngan kost á 4. hæð gömlu byggingarinnar. Nokkuð hafði verið keypt af tækjum til þessarar starfsemi um 1980. Með tilkomu nýja húsnæðisins var deildin fullbúin tækjum eins og kostur var. Tveir til þrír sjúkraþjálfarar starfa nú að jafnaði við deildina auk aðstoðarmanns og hefur starfsemin aukist mjög á síðustu árum. Í tengslum við endurhæfingardeildina er nú landsþekkt starfsemi í meðferð bakvandamála undir stjórn Jóseps Ó. Blöndal, yfirlæknis, og hefur hún verið í þróun á undanfönum árum. Á vegum þessa starfs hafa einnig á síðustu 5 árum verið haldin námskeið í greiningu og meðferð hreyfikerfisvandamála í samvinnu við breska sérfræðinga. Auk endurhæfingardeildarinnar og þvottahússins eru á jarðhæðinni búningsherbergi starfsfólks og gestasnyrting. Á jarðhæð nýbyggingarinnar er aðalinngangur spítalans og heilsugæslustöðvarinnar. Við innganginn er mosaiklistaverk eftir Sjöfn Haraldsdóttur, er sýnir heilagan Frans frá Assisí, og var listaverkið af hjúpað þann 9. okt. 1988. Annað verk eftir listakonuna er á fyrstu hæð byggingarinnar.

Heilsugæslustöðin á fyrstu hæð var opnuð 1. júní 1990. Þar eru þrjár móttökustofur lækna auk sérstofu fyrir aðkomusérfræðinga. Þar eru einnig móttökustofur ljósmóður og hjúkrunarfræðings heilsugæslustöðvarinnar. Tannlæknastofa er einnig á fyrstu hæðinni í tengslum við heilsugæsluna. Þar er gert ráð fyrir tveimur tannlæknum. Aðalmóttaka spítalans og heilsugæslustöðvarinnar er einnig á fyrstu hæð og þar hafa læknaritarar aðstöðu. Við heilsugæslustöðina starfa tveir læknar auk hjúkrunarfræðings og ljósmóður í hlutastarfi.

Í framhaldi af opnun heilsugæslustöðvarinnar í hinum nýju húskynnum voru eldri læknastofur og ritaraherbergi endurbætt og tekin



Á Endurhæfingadeild. Lucia de Korte sjúkraþjálfari, Sigurbjörg Björnsdóttir og Ann Linda Denner sjúkraþjálfari.

undir skrifstofu framkvæmdastjóra, bókhald og launadeild. Allt fram til 1989 var allur daglegur rekstur og ákvarðanataka í höndum príorinnu. Bókhald var í höndum þar til þjálfaðrar systur og sérstakur fulltrúi sá um launagreiðslur. Haraldur Hannesson, hagfræðingur, síðast fulltrúi í Seðlabanka Íslands, var um 40 ára skeið (1950-1990) sérlegur fjármálaráðgjafi reglunnar og vann hann einnig öll ársuppgjör og annað meiri háttar bókhald. Tók hann aldrei laun fyrir störf sín þó eftir því væri gengið. Árið 1989 var ráðinn framkvæmdastjóri spítala og heilsugæslustöðvar, Róbert W. Jørgensen og gegnir hann því starfi enn. Þá kom einnig til starfa bókhaldari fyrir stofnanirnar. Skrifstofan sér einnig um bókhald og launamál fyrir barnaheimilið.

Í september 1992 var 3. hæð nýbyggingarinnar tekin í notkun. Þar eru fimm almennar sjúkrastofur með 13 leguplássum og auk þess dagstofa sjúklinga, vaktherbergi, skrifstofa deildarhjúkrunarkonu, býtibúr og annað tilheyrandi. Á 3. hæð er skammtíma legudeild, fyrir aðgerðarsjúklinga, bráðasjúklinga og aðra almenna skammtímasjúklinga. Stóra aukinn hluti skammtímasjúklinga er fólk með hreyfikerfisvandamál, aðallega í baki og hálsi. Árin 1993-1995, var 3. hæð í gömlu byggingunni endurnýjuð, fyrst speglunarherbergi og síðan fæðingadeildin. Á fæðingadeildinni eru fæðingastofa, sængurkvennastofa og stofa fyrir nýburavörslu, sem er samsíða vaktherbergi, með glugga á milli. Á fæðingastofu eru m.a. sónar og glaðloftstæki. Þar er einnig mjög fullkomíð endurlífgunarborð með öndunarvél fyrir nýbura. Einnig er þar mjög fullkominn síriti til eftirlits með ástandi fósturs, bæði fyrir og í fæðingunni. Sogklukka hefur verið til staðar á fæðingarstofunni síðan um 1960. Fæðingar síðan um 1960 hafa verið 1155 hið minnsta, en nákvæm skráning frá árunum 1956-1964 finnst ekki.

Veturinn 1994-1995 var framkvæmdum í kjallara nýbyggingarinnar lokið. Þar er kapella sem tekin var í notkun með vígsluathöfn þann 14.



Á fæðingadeild. Elín G. Sigurðardóttir ljós-móðir og Sonja Pétursdóttir ásamt nýfæddri dóttur hennar og Steinþórs Jóhannssonar, Elísabetu Hlín.



desember 1994. Þar er einnig líkhús, geymslur, kyndiklefí, búnings-herbergi karla og aðstaða fyrir húsvörð og iðnaðarmenn. Í útbyggingu eru bílageymslur, bæði fyrir sjúkrabifreið og bíl systranna. Sjúkraflutningar höfðu verið í höndum lögreglunnar, fram til 1979 en þá sá Björgunarsveitin um þá í u.p.b. eitt ár. Árið 1980 keypti Rauðakrossdeild Stykkishólms, sjúkrabifreið og sá um rekstur hennar til 1992 en þá afhenti R. K. Í. deildin heilsugæslustöðinni nýjan sjúkrabíl til afnota og reksturs.


Fjórða hæð nýbyggingarinnar var tekin í notkun 2. ágúst. Þar er mótnueyti starfsmanna ásamt gistivist.

Í desember 1995 var endurnýjuð skurðstofa á 3. hæð gömlu byggingarinnar tekin í notkun. Eins og áður greinir þá nýttu héraðslæknar skurðstofuna strax í upphafi með aðstoð hjúkrunarsystur sem sá um svæfingar. Mun þetta fyrirkomulag hafa haldist eftir að sjúkrahúslæknar koma til sögunnar fram til 1970, eða þar um bil. Eftir að Kristján Baldvinsson gerðist læknir við spítalann fjölgaði mjög skurðaðgerðum og enn frekar þegar Pálmi Frímannsson kom til starfa sem héraðslæknir en hann hafði lagt stund á svæfingar. Hélst rekstur skurðstofunnar í þessu horfi fram til 1988 en þá fækkaði aðgerðum, bæði vegna mikils rasks er byggingarframkvæmdirnar höfðu í för með sér og eins vegna óviðráðanlegra ástæðna í læknamálum.

Frá vígslu kapellunnar í nýbyggingu spítalans  
14. desember 1994.

## STARFSEMI SPÍTALANS FRÁ 1990

Á röntgendeild. Systir Miryam Romkes og T. Rut Leifsdóttir.



**S**t. Franciskusspítalinn hefur frá upphafi verið starfræktur sem almennur, ódeildaskiptur spítali. Sérfræðingur hefur verið starfandi við stofnunina frá 1962 með stuttum hléum. Þegar lokaáætlun um byggingarframkvæmdir la fyrir árið 1990 var gerð áætlun um starfsemi hinna ýmsu deilda. Hin ágæta endurhæfingadeild var efld enn frekar og unnið markvisst að ákveðinni sérhæfingu deildarinnar í greiningu og meðferð kvilla í hreyfikerfi, einkum bak- og hálsvandamála. Lofar sú starfsemi einkar góðu og hafa sjúklingar alls staðar að af landinu notið hennar undanfarin ár. Starfsemi rannsóknarstofu var einnig stóraukin, m. a. með endurnýjun og viðbót á tækjabúnaði. Tveir meinataeknar, hvor um sig í hálfa starfi, starfa nú við stofnunina. Ný röntgentæki voru einnig tekin í notkun en þau gömlu fóru beint á safnið í Nesstofu, enda frá árinu 1962. Sérfræðingur hefur annast úrlestur röntgenmynda og verið til ráðgjafar undanfarin tvö ár en fljólega mun svo röntgenteildin verða beintengd við röntgenteildir á Reykjavíkursvæðinu í gegnum tölvu.

Ómskoðunartæki af fullkominni gerð var keypt fyrir söfnunarfé árið 1991 og nýtist einkum við greiningarstarfsemi á meðgöngu en einnig við greiningu kvilla í kviðarholi.

Þá var ný aðstaða til fæðinga tekin í notkun eins og fyrr segir.

Sérstakt herbergi var tekið í notkun til móttöku sjúklinga með bráða sjúkdóma, s. s. hjarta- og æðasjúkdóma. Er þar útbúnaður til að fylgjast með hjartastarfsemi og síurefnismettun, hjartastuðtæki, bráðavagn og aðstaða til endurlífgunar. Fyrirhuguð eru kaup á fullkomnum sírita, þegar fjárhagur leyfir. Síðasta áfanga endurbóta og viðbyggingar er ekki enn fulllokið en skurðstofa og speglunarherbergi hafa þó verið tekin í notkun. Hefur skurðaðgerðum og speglunum verið sinnt í gamla húsnæðinu ef framkvæmdir hafa leyft og hefur fjöldi aðgerða verið um 200 á ári. Eru bundnar miklar vonir við þessa starfsemi í hinu nýja húsnæði.

Starfsemi St. Franciskusspítalans hefur stöðugt aukist á undanförnum árum og nýting sjúkrarúma og aðstöðu þar með. Þetta hefur átt sér stað þrátt fyrir miklar sparnaðaraðgerðir og er kostnaður á hvern legudag með því lægsta sem gerist hér á landi.

# STJÓRNUN ST.FRANCISKUSSPÍTALA OG HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR



Byggingarnefnd SFS í september 1988, f.v.: Hörður Kristjánsson, systir Renée Lonton, systir Lena Verbeek, Sturla Böðvarsson og Einar Karlsson.

**S**t.Franciskusspítalinn hefur alla tíð verið sjálfseignastofnun í eigu Association sans but lucratif, des Franciscaines missionnaires de Marie, í Brussel í Belgíu. Príorinna klaustursins í Stykkishólmi hverju sinni hefur farið með æðstu stjórn spítalans í umboði yfirpríorinnar í Brussel.

Eftir að spítalinn fór inn á fjárlög Íslenska ríkisins, hefur stjórn, skipuð þremur fulltrúum eiganda, einum fulltrúa heilbrigðisráðherra og einum fulltrúa starfsmanna, farið með stjórn sjúkrahússins.

Príorinna er jafnan stjórnarformaður.

Auk ofangreindra sitja fimm áheyrnarfulltrúar fundi stjórnarinnar. Það eru framkvæmdastjóri, yfirlæknir sjúkrahússins, yfirlæknir heilsugæslustöðvar, hjúkrunarforstjóri sjúkrahússins og hjúkrunarforstjóri heilsugæslustöðvar.

Stjórn St.Franciskusspítala og heilsugæslustöðvar, skipa nú eftirtaldir:

Fulltrúar eiganda.

Sr. Renée Lonton, príorinna, stjórnarformaður.

Sr. Czeslawa Oles.

Sturla Böðvarsson, alþingismaður.

Fulltrúi heilbrigðisráðherra.

Davíð Sveinsson, skrifstofustjóri.

Fulltrúi starfsmanna.

Jóhanna Guðbrandsdóttir, sjúkraliði.

### Héraðslæknatal (frá 1766)

<i>Nafn</i>	<i>Tímabil</i>
Hallgrímur Bachmann	1766-1802
Ólafur Brynjólfsson	1802-1807
Hallgrímur Bachmann	1807-1807
Oddur Hjaltalín (Clausen)	1807-1839 1816-1820)
Georg Victor Koefod	1840-1845
Edvard C Lind	1845-1864
Þorleifur Þorleifsson	1864-1866
Hjörtur Jónsson	1865-1894
Tómas Helgason	1894-1894
Davíð Scheving Thorsteinsson	1894-1901
Guðmundur Guðmundsson	1901-1927
Ólafur Ólafsson	1927-1948
Guðmundur Björnsson	1948-1948
Ólafur P. Jónsson	1948-1961
Guðmundur H. Þórðarson	1961-1973

### Heilsugæslulæknar frá 1974

<i>Nafn</i>	<i>Tímabil</i>
Pálmi Frímannsson	1973-1988
Friðrik Jónsson	1979-
Guðbrandur Þorkelsson	1991-1995
Jón Bjarnason	1995-

### Hjúkrunarforstjórar heilsugæslustöðvar

<i>Nafn</i>	<i>Tímabil</i>
Kristín Árnadóttir	1989-1993
Ragnheiður Gunnarsdóttir	1993-

### Sjúkrahúslæknatal

<i>Nafn</i>	<i>Tímabil</i>
Geir Jónsson	1962-1965
Ólafur Ingibjörnsson	1966-1967
Jón Árnason	1967-1968
Ýmsir læknar af Borgarspítala	1968-1970
Kristján Baldvinsson	1970-1975
Halldór Jóhannsson	1975-1980
Óli Kr. Guðmundsson	1980-1989
Jósep Ó. Blöndal	1990-

### Framkvæmdastjóralatal

<i>Nafn</i>	<i>Tímabil</i>
Róbert W. Jørgensen	1989-
Hjúkrunarforstjórar St.Franciskusspítala	
<i>Nafn</i>	<i>Tímabil</i>
Sr. Lidwina Barnas	1988-1996
Magrét Thorlacius	1996-

### Ljósmæðratal (Umdæmi stofnsett 1893)

<i>Nafn</i>	<i>Tímabil</i>
Ólöf Hjálmarsdóttir	1893-1906
Ásgerður Gunnlaugsdóttir	1906-1909
Ingibjörg M. Bjarnadóttir	1909-1920
Magrét M. Sigurðardóttir	1920-1921
Guðbjörg K. Vigfusdóttir	1921-1954
Elín G. Sigurðardóttir	1955-
Magrét Guðmundsdóttir	1982-1986
Magrét Thorlacius	1991-1995

### Lyfsalatal (Stykkishólms apótek stofnað 1838)

